



ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM STEFNUMÖRKUN



Apríl 2019

AÐFARARORÐ

Þingvellir og þjóðgarðurinn hafa ótvíræða sérstöðu í hugum landsmanna. Yfir þúsund ára löng saga, margslungið náttúrufar og ríkur þáttur Þingvalla í mótun samfélagsins leita oft á huga fólks af ótal tilefnum. Mikil ábyrgð fylgir því að ákvarða um stjórnun og mótun þjóðgarðsins. Þar hefur komið til samstarf ríkisstjórna, stjórnar þjóðgarðsins hverju sinni, þ.e. Þingvallanefndar sem hefur þá sérstöðu að vera kjörin af Alþingi, þjóðgarðsvarðar, alls starfsfólks þjóðgarðsins, ýmissa ríkisstofnana, sérfræðinga í skipulagsmálum, verkfræði og vísinda og fulltrúa sveitarfélagsins. Af fáeinum síðustu árum að dæma hafa Þingvellir og þjóðgarðurinn tekið verulegum framförum sem einn merkasti áfangastaður landsins. Innviðir, rekstur, fræðsla, öryggi og fleiri þættir hafa náðað að þróast í samræmi við gestafjöldann sem nær nú sex stafa tölu ár hvert og fer hægt vaxandi.

Margir hafa komið að stefnumótun þeirri sem hér birtist. Hún tekur á öllum þeim þáttum starfseminnar er mestu máli skipta; tekur mið af sem sjálfbærustum og umhverfisvænstum rekstri og leggur fram þá framtíðarsýn sem góð þekking og traust ráðgjöf leiðbeinir um. Samhliða er ekki slakað á þeirri almennu kröfu að Þingvellir og nágrenni haldi þeim virðingarsess sem landsvæðinu ber. Stundum er sagt að Þingvellir séu hjartastaður samfélagsins. Stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum á að taka mið af því, eins þótt breytingar kunni að verða að umbúnaði hans í opinberu stjórnkerfi landsins.

Ari Trausti Guðmundsson
Formaður Þingvallanefndar



EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	1	4. TAKMARKANDI ÞÆTTIR	15	6. LANDNOTKUN	35
		4.1 Lagaleg umgjörð og skipulagsrammi	16	6.1 Framtíðarsýn til 2038	36
1. INNGANGUR	3	4.2 Huglægar takmarkanir	16	6.2 Reitaskipting þjóðgarðsins	37
				6.3 Mannvirkjasvæði	49
2. LÝSING Á ÞJÓÐGARÐINUM	5	5. STEFNA	17	6.4 Samgöngur	53
2.1 Grunnupplýsingar	6	5.1 Leiðarljós við stefnumótun	18	6.4.1 Vegir innan þjóðgarðsins	53
2.2 Stjórnskipulag þjóðgarðsins	6	5.2 Aðgengi og umferð	19	6.4.2 Göngustígar	55
2.3 Yfirlit um landnotkun, aðgengi og þjónustu	7	5.3 Dvöl, afþreying og aðstaða	21	6.4.3 Reiðstígar	56
2.4 Náttúrufar	9	5.4 Vistkerfi	23	6.4.4 Hjólastígar	57
2.5 Menningarlandslag og fornminjar	10	5.5 Fræðsla	25	6.5 Deiliskipulag	58
		5.6 Rannsóknir og vísindi	27		
3. MIKILVÆGI OG SÉRSTAÐA	11	5.7 Hagkerfi og samfélag	29	7. EFTIRFYLGN, ENDURSKOÐUN OG	
3.1 Umgjörð sögu og menningar	13	5.8 Fornleifar og menningarlandslag	31	ÁRANGURSMAT	59
3.2 Sérstaða í náttúrufari	14	5.9 Stjórnun	33	7.1 Forgangsroðun verkefna og framkvæmd	60
				7.2 Endurskoðun og árangursmat	61
				Uppdrættir	62

ÁGRIP



Hér er sett fram stefna Þingvallanefndar um vernd, uppbyggingu og rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Fyrri stefnumörkun með gildistíma 2004-2024 hefur verið uppfærð, einkum með hliðsjón af gerbreyttum forsendum um fjölda gesta og aðstöðu sem móttaka þeirra krefst. Efnistöð eru að mestu óbreytt frá fyrri útgáfu en mun nánari stefna er sett um landnotkun.

Sem fyrr er mikilvægast það markmið að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í hagin fyrir mikinn fjölda gesta.

Stefnan miðast við framtíðarsýn til ársins 2038. Dregin er upp mynd þess árs af stöðu mála í helstu málaflokkum og getið um meginmarkmið sem mikilvægt er að ná til þess að sýnin verði að veruleika.

Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar hófst markviss uppbygging aðstöðu og þjónustu sem óhætt er að segja að sé forsenda þess að þjóðgarðurinn hafi getað tekið við ört vaxandi fjölda gesta undanfarin ár án þess að illa færi. Í þessari stefnu er lögð áhersla á frekari skipulagningu og vöktun til þess að nýta megi betur þá innviði og aðstöðu sem fyrir er og útvíkka þessa þætti án þess að meira sé gengið á náttúruna en þegar er orðið. Að auki er lögð áhersla á að gestir geti notið fræðslu um það einstaka samspil sögu og náttúru sem á Þingvöllum er að finna.

Við endurskoðun stefnunnar var haft samráð við hagsmunaaðila og opinbera aðila sem tengjast málefnum þjóðgarðsins, svo sem með ferðaþjónustuaðilum, viðbragðsaðilum, Vegagerð, stjórnsýslustofnunum, félagasamtökum, orku-fyrirtækjum og fræðasamfélagi. Einnig var hafður til hliðsjónar afrakstur hugmyndaleitar um upplifanir á Þingvöllum sem almenningi var boðið að taka þátt í árið 2011.

Stefnunni fylgir verkefnaáætlun sem endurnýjuð verður á fimm ára fresti. Gert er ráð fyrir því að árangur af stjórnun þjóðgarðsins í samræmi við stefnuna verði metinn samtímis endurnýjun verkefnaáætlana.



1. INNGANGUR



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum frá Alþingi 1928 þar sem segir m.a. „Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“. Árið 2004 var lögum um þjóðgarðinn breytt og hann stækkaður verulega. Ríkisstjórn Íslands tilnefndi Þingvelli á heimsminjaskrá UNESCO til nefndar um arfleifð þjóðanna (World Heritage Committee, WHC) vegna einstæðs menningarlandslags. Staðir á heimsminjaskránni eru alþjóðlega viðurkennd verndarsvæði sem hafa yfirleitt mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Á fundi Heimsminjaráðsins í júlí 2004 var skráning Þingvalla staðfest en skömmu áður hafði Þingvallanefnd staðfest fyrstu útgáfu þessarar stefnumörkunar. Náttúra Þingvallasvæðisins er á yfirlitsskrá yfir staði á Íslandi sem gert er ráð fyrir að tilnefna en samkvæmt henni yrði tilnefningunni bætt við núverandi skráningu Þingvalla. Árið 2014 var lögð fram til Heimsminjaráðsins fjölþjóðleg tilnefning alþjóðlegra víkingaminjastaða og voru Þingvellir hluti af þeirri tilnefningu. Tilnefningin fékk ekki framgang á fundi Heimsminjaráðsins árið 2015.

Hér liggur fyrir stefna Þingvallanefndar og framtíðarsýn til næstu 20 ára fyrir þjóðgarðinn sem veitir leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulag og rekstur. Endurskoðun stefnunnar byggir á þeirri reynslu sem safnast hefur og leitast er við að bregðast við breytingum sem orðið hafa, ekki síst með vaxandi ferðamannafjölda.

Framsetning stefnunnar er í samræmi við leiðbeiningar frá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum IUCN (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources). Sett er fram sýn og markmið í tilteknum málaflokkum sem eru ólíkir en fléttast saman í hinu fjölþætta hlutverki þjóðgarðsins. Texti er að nokkru leyti samhljóða tilnefningarskjali til UNESCO.

Stefnu þessari er fylgt eftir með verkefnaáætlunum.



2. LÝSING Á ÞJÓÐGARÐINUM



2.1 GRUNNUPPLÝSINGAR

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á suðvesturhluta Íslands í sveitarfélaginu Bláskógabyggð, um 50 km frá höfuðborginni Reykjavík. Mörk þjóðgarðsins eru sýnd á korti 1 í viðauka.

Þjóðgarðurinn er 228 km² og eru mörk hans skilgreind í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum frá 2004 en þjóðgarðurinn var stofnaður með fyrri lögum um friðun Þingvalla frá 1928, þá fyrsta friðlýsta svæði á Íslandi. Samkvæmt leiðbeiningum frá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum, IUCN, falla Þingvellir undir II. flokk verndarsvæða – „þjóðgarða“. Markmið verndunar þeirra svæða, sem falla undir þessa skilgreiningu, eru einkum verndun vistkerfis samhliða ferðamennsku.

2.2 STJÓRNSKIPULAG ÞJÓÐGARÐSINS

Þjóðgarðurinn heyrir stjórnsýslulega undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið en lýtur stjórn Þingvallanefndar sem skipuð er sjö alþingismönnum. Heimilisfang nefndarinnar er:

Þingvallanefnd
Austurstræti 12
101 Reykjavík

Við útgáfu þessarar stefnu (mars 2018) skipa eftirtaldir þingmenn Þingvallanefnd:

Aðalmenn: Ari Trausti Guðmundsson (formaður), Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Magnússon, Vilhjálmur Árnason.

Varamenn: Njáll Trausti Friðbertsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Jón Steindór Valdimarsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Þingvallanefnd skipar þjóðgarðsvörð sem er framkvæmdastjóri þjóðgarðsins og sér hann um daglegan rekstur ásamt öðru starfsliði. Þjóðgarðsvörður er Einar Á. E. Sæmundsen

Veffang þjóðgarðsins er www.thingvellir.is. Þar er að finna upplýsingar m.a. um starfsstöðvar, starfsfólk og starfsemi þjóðgarðsins.

Eftirtaldir opinberir aðilar gegna lögbundnu hlutverki í málefnum sem varða þjóðgarðinn:

- Sveitarfélagið Bláskógabyggð (www.blaskogabyggd.is)
- Minjastofnun Íslands (www.minjastofnun.is)
- Umhverfisstofnun (www.ust.is)

Að auki er samstarf við forsætisráðuneytið, t.a.m. vegna Þingvallabæjarins.

2.3 YFIRLIT UM LANDNOTKUN, AÐGENGI OG ÞJÓNUSTU

Einu íbúar þjóðgarðsins búa á tveim sveitabæjum vestan sigdældarinnar svonefndu, þungamiðju þjóðgarðsins, en að auki eru þar nokkur sumarhús á tveim svæðum. Engin fyrirtæki hafa fasta starfsstöð innan þjóðgarðsins.

Þjóðvegur númer 36 er aðaltenging þjóðgarðsins við höfuðborg og nærsveitir og um hann koma nær allir gestir. Þá tengist þjóðgarðinum vegur 550 um Uxahryggi og Kaldadal. Þessir vegir mætast við þjónustumiðstöðina á Leirum.

Gestir heimsækja þjóðgarðinn einkum í tvennum tilgangi. Annars vegar til að kynna sér sögu- og menningarminjar í þinghelginni og hins vegar til að stunda útivist og njóta náttúrufegurðar. Meirihluti gesta kemur til Þingvalla frá maí fram í september. Ferðamönnum til Þingvalla að vetrinum hefur fjölgað mikið frá 2011.

Umhverfis þingstaðinn eru fjögur megin bílastæði þar sem hægt er að leggja bifreiðum og ganga inn á svæðið. Með strönd Þingvallavatns eru einnig sex bílastæði og víða útskot fyrir einn til tvo bíla með fram vegum.

Reiðleiðir og gönguleiðir liggja inn í þjóðgarðinn úr vestri, austri og norðri. Við Skógarhóla er miðstöð hestamanna á svæðinu. Nokkrar vinsælar gönguleiðir tengjast þjóðgarðinum, t.d. leiðin úr Hvalfirði um Leggjabrjót.

Þinghelgin liggur austan Almannagjár og er um 5 hektarar að stærð. Langstærstur hluti ferðamanna á Þingvöllum fer um þinghelgina og þingstaðinn og því er þar mestur ágangur ferðamanna og stígar að sama skapi breiðastir og best afmarkaðir.

Við vatnsbakka Þingvallavatns er talsvert sýnilegt álag af völdum ágangs. Helstu gönguleiðir meðfram vatninu eru á troðningum sem myndast hafa af umferð liðinna ára en engir stígar hafa verið lagðir á vatnsbakkanum. Þjóðgarðurinn er aðili að Veiðikortinu og seld eru veiðileyfi í þjónustumiðstöðinni. Samstarf er við veiðimenn um veiðieftirlit.

Stígakerfi í þjóðgarðinum er nokkuð umfangsmikið og víðfeðmt, einkum í Þingvallahrauni. Nær allir stígarnir eru fornar þjóðleiðir frá tímum þinghalds og búskapar á svæðinu.

Á Leirum, á mótum þjóðvega 36 og 550, er þjónustumiðstöð þjóðgarðsins. Þar er rekin upplýsingaþjónusta, minjagripaverslun og veitingastaður á vegum þjóðgarðsins. Norðan miðstöðvarinnar er starfsmannahús þjóðgarðsins. Einnig er það áhaldahús og skemma þjóðgarðsins ásamt meginstarfsstöð landvörslu.

Gestastofa og verslun þjóðgarðsins er á vesturbrún Almannagjár, Hakinu, þar sem gengið er niður í Almannagjá. Í gestastofunni er fjölþætt aðstaða til að taka á móti gestum, meðal annars veitingasala, sýning um sögu og náttúru Þingvalla og fyrirlestrasalur.

Í þjóðgarðinum eru tvö tjaldsvæði. Stærri tjaldsvæðið skiptist í nokkur undirsvæði umhverfis þjónustumiðstöðina þar sem aðstaða er til að taka á móti húsbílum, tjaldvögnum og tjöldum. Minna tjaldsvæði er í Vatnskoti við Þingvallavatn fyrir miðri strandlengjunni, en þar eru húsbílar og tjaldvagnar ekki leyfðir. Einnig er tjaldsvæði við Skógarhóla, áningarstað hestamanna en gisting takmarkast þar að mestu við þann útivistarhóp.

Í þjóðgarðinum er salernisaðstaða við gestastofu, þjónustumiðstöð og á tjaldsvæðum. Sturtur og þvottaaðstaða er á stærstu tjaldsvæðunum.



2.4 NÁTTÚRUFAR

Ísland er á flekaskilum þar sem tveir jarðskorpuflekar færast í sundur og hliðrast. Á slíkum svæðum myndast gjarnan sigdældir milli flekanna. Yfirleitt sjást þær illa þar sem þær fyllast fljótt af hraunum sem slétta yfirborð þeirra. Á Þingvöllum er sigdæld af þessu tagi óvenjulega greinileg. Ástæðan er sú að síðustu 10-12.000 árin hefur tiltölulega lítil eldvirkni verið samfara sigi og gliðnun í sigdældinni. Jafnframt hafa myndast djúpar gjár í yfirborð jarðskorpunnar sem sjást betur á Þingvöllum en annars staðar á Íslandi. Vegna landreksins gliðna gjárnar á Þingvöllum um 2 mm á ári að meðaltali.

Hraun þekur stærstan hluta Þjóðgarðsins. Það rann úr dyngju austan sigdældarinnar fyrir um 10.000 árum og sést hraunlagastaflinn vel í Almannagjá.

Þingvallavatn er stærsta náttúrulega stöðuvatnið á Íslandi, 83 km² að flatarmáli og er nyrsti hluti þess innan Þjóðgarðsins. Lífríki við vatnið vitnar um þá staðreynd að það er á skilum tveggja meginlanda, Evrópu og Ameríku. Himbriminn, einkennisfugl Þingvallavatns með heimkynni í Norður-Ameríku, verpir við vatnið en Ísland er eini varpstaður fuglsins í Evrópu. Ernir verptu við vatnið áður fyrr en eru sjaldséðir þar nú. Minkur lifir við vatnið og refir sjást þar stundum.



2.5 MENNINGARLANDSLAG OG FORMINJAR

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930 og síðan hefur staðurinn tengst sögu lands og þjóðar órjúfanlegum böndum. Á Þingvöllum er mikið af minjum um mannlíf tengdu þinghaldinu en alls eru á svæðinu tóftir a.m.k. 50 búða og annarra mannvirkja þeirra er sóttu Alþingi. Auk íverustaða þingmanna voru búðir þar sem ýmis þjónusta var veitt, svo sem búðir sútara, ölbruggara og veitingamanna. Búðaveggir voru hlaðnir af torfi og grjóti en yfir var trégrind og á hana tjaldað vaðmálum. Minjar um búðir eru einkenni þingstaða og eru Þingvellir stærsti og mikilvægasti staður slíkra minja.

Efniviður í búðirnar var líklega sóttur í næsta nágrenni og síðar í eldri rústir. Yngri búðir voru oft hlaðnar ofan á þær eldri. Þannig mynduðust smám saman lágir rústahólar þar sem vinsælustu svæðin voru og flestir þingmanna héldu til. Þar má sjá leifar af búðum frá mismunandi tímum. Þær búðarústir, sem nú sjást á yfirborði á Þingvöllum, eru langflestar frá 17. og 18. öld.

Minjarnar gefa ekki alveg rétta mynd af umfangi þinghalds eða fjölda þátttakenda. Margir byggðu ekki búðir heldur höfðust við í tjöldum og skildu því eftir lítil ummerki um dvöl sína á þinginu.

Helstu fornleifar á Þingvöllum eru á svæðinu þar sem Alþingi var haldið. Einnig eru fornleifar víðs vegar í þjóðgarðinum, einkum í nágrenni eyðibýla í Þingvallahrauni.

- Stærsta fornleifasvæðið er á flötinni undir Hallinum. Þar liggja fjölmargar búðatóftir í röðum og nokkrum þyrpingum á svæði sem er um 100 m breitt og 350 m langt. Yngstu rústirnar eru efstar og greinilegastar en út undan þeim sjást hlutar af þremur til fjórum lögum af eldri rústum. Meðal annars eru þar leifar lögrétta eftir að hún var flutt vestur yfir Öxará árið 1594. Seinna var reist þar lítið hús yfir starfsemi Lögrétta.
- Efst á Hallinum er talið að séu leifar Lögbergs og skammt þar frá búð Snorra goða.
- Þriðja rústasvæðið eru búðir inni í Almannagjá. Þær eru flestar frá síðari öldum.
- Austan megin við ána, við hlið kirkjugarðsins, eru miklar búðarústir sem nefnast Biskupsbúðir.
- Sunnan við Þingvallabæinn í Miðmundatúni fundust á árunum 2004-2006 leifar af búðum og veggjabrotum.
- Allnokkuð frá eru forn mannvirki á svonefndri Spöng sem er mjó landræma milli Nikulásargjár og Flosagjár.

Fjölmargar minjar hafa varðveist á Þingvöllum sem tengjast búsetu og daglegri lífsbaráttu, auk fornleifa sem tengjast fornu þinghaldi. Minjar um útihús, stekki, vörslugarða og eyðibýli eru greinileg á yfirborði og dreifð um svæðið. Í þjóðgarðinum er varðveitt óvenjuheilsteyp menningarlandslag frá 18. og 19. aldar byggð sem veitir athyglisverða sýn til sveita fyrir daga vélvæðingar. Þessu tengist ríkulegt safn örnefna sem tengjast búskap og nýtingu landsins gæða, auk þeirra sem tengjast þinghaldinu.


3. MIKILVÆGI OG SÉRSTAÐA



Þingvellir eru friðlýstur helgistaður og sameiningartákn íslensku þjóðarinnar. Þingvellir eru einn mikilvægasti menningarminjastaður á Íslandi þar sem meginþræðir sögu þjóðarinnar eru ofnir, allt frá upphafi landnáms á 9. öld fram til þessa dags. Saga Þingvalla frá stofnun Alþingis um 930 gefur innsýn í það hvernig landnemabyggð á víkingaöld skipulagði samfélag sitt frá grunni og þróaðist áfram. Á Þingvöllum koma einnig saman á einum stað margvísleg náttúrufyrirbæri sem einungis örfáir staðir á jörðinni geta státað af. Samspil sögunnar og hinnar sérstæðu leikmyndar náttúrunnar gerir staðinn einstakan.

Þingvellir eru tilnefndir á heimsminjaskrá UNESCO sem svæði með einstætt menningarlandslag. Það er gert á grundvelli eftirfarandi:

- Alþingi á Þingvöllum geymir sögu um þinghald á mörkum ár- og hámiðalda sem varpar ljósi á hugmyndir manna á víkingaöld um skipan þjóðfélagsins, lög og vald, þar sem á Íslandi fylgdist að mótun nýs þjóðfélags og blómleg ritmenning. Þessar hugmyndir hafa verið sameiginleg arfleifð germanskra þjóða og átt drjúgan þátt í að móta stjórnskipan margra Evrópuþjóða allt til þessa dags. Minjasvæðið á Þingvöllum er einstakt því þar má finna í jörðu þingminjar allt frá upphafi Alþingis. Þetta eru einu þingminjar sem sýna heildarskipulag þingsvæðis frá þessum tíma og þar sem enn mótast svo skýrt fyrir stórum hluta þingbúða á yfirborði.
- Á Þingvöllum myndar sérstæð náttúra og einstök jarðfræði á flekaskilum umgjörð einstakrar sögu; svið sem er óbreytt frá þeim tíma þegar Alþingi var stofnað. Þingvellir hafa á afgerandi hátt tengst miklum lærdóms-, lista- og menningarverkum og gegnt lykilhlutverki við sköpun íslensku þjóðarinnar.



3.1 UMGJÖRÐ SÖGU OG MENNINGAR

Það landnemabjóðfélag, sem varð til þegar þing (Alþingi) var stofnað á Þingvöllum 930, er hið eina í Evrópu þar sem ýtarlegra heimilda nýtur við allt frá upphafi auk einstæðra fornleifa sem styðja þær heimildir. Sú saga, sem þannig hefur varðveist um tilhögun þinghalds á þjóðveldisöld (930–1263–64), varpar ljósi á mikilsverða þætti í stjórnskipunarþróun Evrópu sem allir tengjast með beinum eða óbeinum hætti vexti og viðgangi réttarríkisins og er líkleg til að skerpa skilning á þeim. Elsta sagnarit Íslendinga, Íslendingabók Ara fróða, sem skráð var á árunum 1120–1130, er mikilvægasta heimildin um landnám og upphaf sjálfstæðrar stjórnskipunar á Íslandi, þekkt sem íslenska þjóðveldið, og þing á Þingvöllum. Einsdæmi er að á Íslandi var Alþingi stofnað sem eitt allsherjarþing fyrir allt landið. Þingvellir, þar sem þinginu var valinn staður, var um aldir höfuðstaður Íslands í tvær vikur ár hvert eða á meðan þinghaldið stóð yfir.

Sérstaða Alþingis er m.a. fólgin í þeim sérstöku áherslum og nákvæmu aðferðum til að eyða réttaróvissu og leysa ágreining án valdboðs sem beitt var. Þetta birtist meðal annars í því hversu mikilvægu hlutverki lögsögumaður og lögrétta gegndu. Miklar og nákvæmar heimildir eru til um skipulag þingsins og starfshætti. Lagasafn þjóðveldisaldar, Grágás, er mesta og eitt merkasta lagasafn germanskra þjóða á miðöldum. Einn hluti þessa lagasafns er talinn vera það fyrsta sem ritað var á íslensku, tæpum tvö hundruð árum eftir stofnun Alþingis.

Alþingi á Íslandi á sér einnig lengri samfellda sögu en nokkurt annað miðaldarþing að undanskildu lögbingi Færeyinga og þingi Manarbúa en um sögu þeirra eru heimildir takmarkaðar.

Við mótun nýs þjóðfélags á víkingaöld þurftu landnemar Íslands að gera sér gleggri grein fyrir þeim hugmyndum sem að baki bjuggu en þeir sem

heima sátu og fylgt gátu fornri venju án þess að gefa henni sérstakan gaum. Ísland hefur þá sérstöðu að hér skildi víkingaöld eftir einn varanlegasta menningarminnisvarða sinn, meðal annars í þjóðfélagsskipan, stjórnarháttum og stjórnspeki íslenska þjóðveldisins. Hér birtast hugmyndir manna um lög og vald á miðöldum því með einkar skýrum hætti. Hið íslenska þjóðveldi, sem landnámsmenn Íslands stofnuðu, er af sumum álitð fyrsta ríki Evrópumanna í nýja heiminum og undanfari þeirra ríkja sem síðar voru stofnuð þar.

Minjasvæðið á Þingvöllum, þar sem Alþingi var haldið, á sér enga hliðstæðu. Þetta er eini germanski þingstaðurinn þar sem leifar af stjórnsýslumannvirkjum eins og Lögbergi, Lögréttu og Biskupabúðum hafa varðveist. Á svæðinu er að finna leifar margra mannvirkja sem tilheyrðu þingi og þinghaldi frá 10. öld og allt fram á 18. öld. Minjasvæðið á Þingvöllum er einnig einstakt sem heild þar sem enn mótast þar fyrir stórum hluta þingbúða á yfirborði og hægt er að gera sér grein fyrir umfangi og heildarskipulagi þingsvæðisins.



3.2 SÉRSTAÐA Í NÁTTÚRUFARI

Þingvellir eru einstakir frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Hin jarðfræðilega sérstaða felst fyrst og fremst í því að óvída eða hvergi í veröldinni sjást merki svokallaðra flekaskila jarðskorpunnar betur en þar. Gjárnar, sem eru höfuðeinkenni í jarðfræði Þingvalla, myndast þar sem tveir jarðskorpuflekar eru að færast í sundur og landið milli þeirra gliðnar og sígur. Sigdældin á Þingvöllum sést einstaklega vel á yfirborði og á hana var bent þegar flekakenningin, sem er grunnur að nútímahugmyndum er varða skilning manna á jarðfræði og landmótun, var að mótast. Sigdældin er meðal skýrustu dæma á þurru landi þar sem unnt er að sjá og skynja gliðun jarðskorpufleka á úthafshrygg. Þingvellir og umhverfi Þingvallavatns hafa því ómetanlegt gildi sem jarðfræðilegur minnisvarði, ekki aðeins fyrir Ísland heldur á heimsvísu.

Lífriki Þingvallavatns er einstakt á heimsvísu. Í vatninu hafa þróast fjórar gerðir af bleikju auk þess sem þar er að finna einstakan urriðastofn, frægan fyrir langlífi og mikla stærð. Urriðinn, sem getur orðið meira en 30 pund, er talinn hafa orðið innlyksa í vatninu skömmu eftir að ísöld lauk og land tók að rísa.

Gjábleikja er einstakt afbrigði dvergvoxinnar bleikju sem er að finna í gjánum í Þjóðgarðinum og virðist hafa þróast í sprungusveimnum sem liggur um gosbeltið frá suðvesturodda landsins um hálendið og teygir sig að norðausturhorninu. Afbrigðið er þekktast á svæði Þjóðgarðsins þar sem gjárnar liggja út í Þingvallavatn.

Á vatnasviðinu er mikil úrkoma. Um 9/10 af innstreymi vatns í Þingvallavatn kemur neðanjarðar eftir sprungum að vatninu. Ungur aldur hraunanna gerir það að verkum að upptaka steinefna er mikil í grunnvatninu sem er ein af undirstöðum fjölbreytts lífríkis í Þingvallavatni. Vegna landsigs og hrauns

skapast fjölbreytni í búsvæðum, til dæmis fylgsni fyrir fiska í gjám og gjótum með strandlengju Þingvallavatns. Þingvallavatn er sérstaklega frjótt og gróðursælt þó það sé mjög kalt. Um þriðji hluti botnsins er þakinn gróðri og magn þörunga er mikið. Lággróður nær út á 10 m dýpi en hágróður myndar stór gróðurbelti á 10-30 metra dýpi. Alls hafa fundist um 150 tegundir þörunga og háplantna og 50 tegundir smádýra frá fjöruborði og út á mikið dýpi. Í Vellankötlum, við vatnið austanvert þar sem mikið vatn rennur undan hrauninu, fannst nýlega eina helladýrið sem þekkt er í Norður-Evrópu, náhvít og blind marfló (*Crymastygius thingvallensis*) af amerískum uppruna. Dýrið virðist hafa lifað af í grunnvatni í hellum undir fargi Ísaldarjökulsins. Þetta er því elsta núlifandi dýrategund í fersku vatni á Íslandi. Saga lífs í Þingvallavatni á sér þannig forsögu sem nær nokkur hundruð þúsund ár aftur í tímann.



4. TAKMARKANDI ÞÆTTIR



4.1 LAGALEG UMGJÖRÐ OG SKIPULAGSRAMMI

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar á grundvelli laga frá 2004 (sjá viðauka) en þau lög tóku við af upphaflegum lögum um friðun Þingvalla, nr. 59/1928. Þjóðgarðurinn fellur því ekki beint undir lög um náttúruvernd, nr. 60/2013. Í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum er skýrt kveðið á um verndun og viðhald þessa svæðis sem skal vera „eign íslensku þjóðarinnar“. Á grunni fyrrgreindra laga hefur verið sett reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð, nr. 848/2005.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð er skipulagsyfirvald á svæðinu. Engar framkvæmdir eru þó leyfðar á áhrifasvæði þjóðgarðsins án samþykkis Þingvallanefndar. Í gildi er Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Þingvallanefnd gaf út stefnumörkun „Þingvellir, þjóðgarðurinn og umhverfi“ í maí 1988 sem fyrri útgáfa þessarar stefnumörkunar tók við af árið 2004.

Fornleifar í þjóðgarðinum lúta vernd skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og eru friðlýstar.

Sett hafa verið sérstök lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006 á grunni þeirra laga.

Auk ofangreindra laga þarf við rekstur í þjóðgarðinum m.a. að taka tillit til laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

4.2 HUGLÆGAR TAKMARKANIR

Í fyrstu lögum um þjóðgarðinn frá 1928 segir að Þingvellir séu friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Þótt nær öld sé liðin frá því að þannig var að orði komist í lagatexta eru engar vísbendingar um annað en að þeir skipi einmitt þennan sess í huga þjóðarinnar. Staðurinn er Íslendingum helgur í margvíslegum skilningi eins og hér á undan hefur verið lýst, einkum sem miðpunktur í sögu Íslendinga, varðveislustaður mikilvægra fornminja, stórbrotin umgjörð sögulegra atburða og náttúruperla. Að nokkru leyti hefur hin rómantíska helgi Þingvalla, sem tengist þjóðerni og sjálfstæðisbaráttu, vikið fyrir nýjum áherslum á sérstöðu Þingvalla sem sögusviðs þinghalds og þjóðskipulags í landnemabyggð á stað sem er einstakur frá náttúrunnar hendi.

Af þessum sökum má ætla að allar verulegar breytingar frá þeirri skipan á Þingvöllum sem þjóðin hefur vanist muni mæta andstöðu. Útilokað má telja að almenningur á Íslandi geti fellt sig við verulega uppbyggingu innan þjóðgarðsins, einkum nálægt þinghelginni sjálfri. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því að sátt muni geta náðst um breytingar sem hafa það meginmarkmið að vernda að mestu núverandi skipan en auðvelda gestum að njóta gæða þjóðgarðsins að þeim mörkum sem verndunin setur. Þetta viðhorf kemur skýrt fram í því samráði við almenning og hagsmunaaðila sem stefnumótunarvinnan byggist að hluta á og þar af leiðandi er stefnan í samræmi við þetta viðhorf.

5. STEFNA



5.1 LEIÐARLJÓS VIÐ STEFNUMÓTUN

Sú stefna sem hér er sett fram hefur eftirfarandi meginatriði að leiðarljósi:


Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sérstakt gildi sem er órjúfanlega bundið því að sérstakir staðir innan þjóðgarðsins haldi náttúrulegum sérkennum sínum, að hluta vegna náttúrunnar sjálfrar og að hluta vegna mikilvægra atburða sem gerðust á sögu sviði Þingvalla og jörðin geymir minjar um.

Með stjórnsýslu sinni leitast yfirvöld þjóðgarðsins við að vernda þetta sérstaka gildi svo það rýrist ekki þótt margir njóti. Samfélagi nútíðar og framtíðar er mest gagn af þjóðgarðinum þegar hæfilegri málamiðlun verndunar og afnota er náð. Hlutverk verndunar er að tryggja möguleika á jafngildum afnotum til framtíðar.

Meginreglan í stjórnsýslu garðsins er að náttúrunni verði ekki raskað frekar en orðið er nema hið sérstaka gildi rýrist óverulega og það stuðli að afnotum sem tengjast sérkennum þjóðgarðsins. Þegar áhrif ákvarðana stjórnsýslunnar, sem snerta jafnvægi verndunar og afnota eru óljós, hefur verndunin forgang.

Í þjónustu sinni við gesti leggur þjóðgarðurinn áherslu á útivist og fræðslu um náttúru, sögu og minjar sem einkenna þjóðgarðinn umfram aðra staði.

Öll mannvirki, umbúnaður og stjórnun í þjóðgarðinum skulu bera vott um virðingu fyrir hinu sérstaka gildi.



5.2 AÐGENGI OG UMFERÐ

NÚVERANDI STAÐA

Þingvellir eru með fjölsóttustu ferðamannastöðum á Íslandi. Þjóðgarðurinn er opinn gestum allan ársins hring en á vetrum er aðgangur að honum nokkuð háður veðri og færð.

Áætlað er að árið 2017 hafi um ein og hálf milljón gesta komið til Þingvalla eða tveir af hverjum þremur gestum sem til landsins koma. Talið er að um 38% komi í hópferðum en 62% á eigin vegum. Stór hluti hópferðamanna kemur með skemmtiferðaskipum og hefur stutta viðdvöl á Þingvöllum í dagsferð um suðurland. Almenn er dvöl gesta í hópferðum stutt, oftast innan við eina klukkustund. Þessi mikli fjöldi gesta hefur orðið til þess að álag hefur aukist og bílar eru orðnir mjög áberandi, sérstaklega í þinghelginni, þar sem áhersla er lögð á yfirbragð kyrrðar og virðingar fyrir náttúru og sögu.

Fjögur bílastæði eru í eða við þinghelgina, þ.e. við Valhallarreitinn, Vallakrók, Öxarárfoss og Kastala og þar eru oft teknir upp farþegar sem hefja gönguferð á Hakinu. Einkabílar leggja við Öxarárfoss en rútubílar taka upp farþega við Kastala.

Nokkuð er um að gróður hafi látið á sjá vegna ágangs gesta, sbr. úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2014.

Bílvegur liggur frá þjónustumiðstöð niður að þinghelginni og áfram austur með vatnsbakkanum. Í þinghelginni hefur verið byggt upp stígakerfi sem tengist Hakinu gegnum Almannagjá. Í Þingvallahrauni eru fornar alfaraleiðir sem enn eru greinilegar. Hluti þeirra hefur verið endurbættur með ofaníbúð. Hestamenn hafa aðgang að hluta stíganna í hrauninu.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er opinn öllum allan ársins hring og þangað koma Íslendingar oft auk verulegs hluta erlendra ferðamanna. Umferð gesta er stýrt á virkan og skipulegan hátt til að tryggja að álag á náttúru, fornminjar og önnur gæði verði ekki umfram skilgreind ásættanleg mörk. Á ferð sinni um þjóðgarðinn fá gestir skýr skilaboð um reglur sem þeim ber að lúta um aðgengi og umferð. Gönguleiðir og aðrir afþreyingarmöguleikar eru vel merktir og fræðsla um það sem fyrir augu ber stendur víða til boða með ýmsum hætti.

Bílvegir og bílastæði eru fullnægjandi til að taka við gestum á öruggan og skilvirkan hátt en áhersla er lögð á að gott kerfi stíga leiði gesti fótgangandi milli helstu staða. Jafnframt er gert ráð fyrir hestaumferð á völdum stígum utan viðkvæmustu og fjölförnustu staða, enn fremur umferð hjóltreiddamanna á helstu stígum og aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu áfangastaði. Bílaumferð er að mestu haldið utan viðkvæmustu staðanna, s.s. þinghelgarinnar og umferð vélknúinna ökutækja á stígum og troðningum er bönnuð. Vega- og stígakerfi er þannig úr garði gert að það sé sem minnst áberandi og tryggi hljóðlátt og öruggt flæði gesta.

Tilhögun aðgengis og umferðar í þjóðgarðinum ræðst af vöktun og sífelldri endurskoðun á þolmörkum, með hliðsjón af markmiðum um sjálfbærni.

MEGINMARKMIÐ

Innan þjóðgarðsins verði við haldið vel skipulögðu kerfi öruggra og vandaðra stíga sem falla vel að umhverfinu. Gerð stíganna miðast við hlutverk, umferðarpunga og mikilvægi í heildarskipulagi. Nánari stefna um stíga kemur fram í kafla um samgöngur.

Að helstu stöðum innan þjóðgarðsins verði stígar sem færir eru hjólastólum að því marki sem aðstæður leyfa.

Á vefnum geti gestir notið heimsóknar og fræðslu um þjóðgarðinn að nokkru leyti eins og þeir væru þar raunverulega. Gestir, innlendir sem erlendir, geti undirbúið heimsókn með því að kynna sér Þingvelli á vefnum.

Þjóðgarðurinn verði auðveldlega aðgengilegur gestum sem koma akandi án þess að bílar séu áberandi. Áhersla er lögð á að þinghelgin verði að mestu án bílaumferðar en að bílum sem flytja gesti sé lagt utan þinghelgarinnar, einkum á vestari gjárbarminum, þ.e. á Hakinu og við Langastíg.

Innan þjóðgarðsins verði fjölda bílastæða og gjaldtöku fyrir þau stýrt í samræmi við þann fjölda gesta sem unnt er að taka á móti án þess að náttúra eða sögulegar minjar hljóti skaða af. Í samstarfi við önnur yfirvöld verði banni við lagningu bíla utan skilgreindra bílastæða fylgt fast eftir.

Akstur bíla spilli ekki yfirbragði og kyrrð þjóðgarðsins en stígakerfið gegni þeim mun meira hlutverki. Nánari stefna um skipulag umferðar er sett fram í kafla 6.4.

Stígakerfi sé flokkað með þeim hætti að hlutverk og þjónustustig hvers stígs sé skýrt. Það þjóni þörfum almennra ferðamanna, útivistarfólks og hestamanna. Kerfið sé skipulagt í samræmi við verndarmarkmið, álag og ólíkar þarfir gesta. Fram komi skýr skilaboð um að öll umferð utan meginstíga, þ.m.t. gangandi gesta, sé bönnuð.

Komið verði á samstarfi við aðila sem sinna almenningssamgöngum um þjónustu við þjóðgarðinn.

Sett verði skýr viðmið í öryggisáætlun um lokun leiða þegar slæmt veður eða veðurútlit gefur tilefni til.

Hestaumferð fari aðeins eftir skýrt skilgreindum reiðleiðum, sjá kafla 6.4.3 og uppdrátt 6.

VÖKTUN

Ástand stígakerfisins verði metið árlega og gerð áætlun um viðhald og nýframkvæmdir. Umferð utan stíga og í grennd við helstu viðkomustaði metin og það hvort þeir anni þeirri umferð sem á þá er lögð.



5.3 DVÖL, AFÞREYING OG AÐSTAÐA

NÚVERANDI STAÐA

Ástæður þeirra sem sækja Þingvelli heim eru margvíslegar og tengjast bæði náttúru og sögu. Sú aðstaða og þjónusta, sem boðið er upp á í þjóðgarðinum og nágrenni hans, tekur mið af þessari fjölbreytni. Fjölgun gesta undanfarin ár hefur einkum komið fram í þinghelginni en síður á öðrum svæðum innan þjóðgarðsins.

Stór hluti gesta þjóðgarðsins, einkum erlendir ferðamenn, hafa þar stutta viðdvöl. Á meðan á henni stendur kynnast þessir gestir sögu og náttúru Þingvalla undir stjórn leiðsögumanns. Gera þarf ráð fyrir því að sumir gestanna hafi takmarkaða færni og að innviðir sem þeir nýta þurfa að miðast við það. Flestir gestir ganga um þinghelgina og njóta þess sem fyrir augu ber.

Nokkur hluti gesta, margir þeirra búsettir hér á landi, nota þjóðgarðinn fyrir almenna útivist af ýmsu tagi. Þar má helst nefna hestamennsku, veiði, fuglaskoðun, köfun, hjólreiðar og göngu. Þessi frístundaiðja hefur mismikil áhrif á umhverfið og kallar á vöktun.

Mjög eftirsótt er að kafa í gjánni Silfru. Nokkur fyrirtæki bjóða köfun, bæði í og undir yfirborði vatnsins. Þessi fyrirtæki hafa haft bráðabirgðaaðstöðu fyrir tækjabíla í dæld norðan Silfru. Verið er að greina burðarþol Silfru og móta leiðir til að stýra álagi á hana.

Veiðimenn nýta norðurbakka vatnsins. Samstarf er milli þjóðgarðsins og samtaka veiðimanna um tilhögun og eftirlit. Huga þarf að gróðurskemmdum á vatnsbakkanum vegna ágangs. Í Vatnskoti eru salerni auk einfaldrar aðstöðu til að tjalda.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Aðstaða til móttöku þeirra ólíku hópa sem sækja þjóðgarðinn á Þingvöllum heim er góð allt árið um kring og miðar að því að skapa gott aðgengi og ánægjulega upplifun gesta en tryggja jafnframt varðveislu og góða umgengni um náttúru- og menningarminjar. Gengið er út frá því í allri uppbyggingu og fyrirkomulagi varðandi móttöku gesta að meginmarkmiðið er að miðla menningar- og náttúrufarslegri sérstöðu Þingvalla.

Þingvellir hafa yfirbragð kyrrðar og helgi og uppbygging mannvirkja fellur vel að umhverfinu. Innan þjóðgarðsins er hægt að njóta náttúru, upplifa sögu, fræðast og stunda útivist á lifandi og skemmtilegan hátt og gestir fara almennt fróðari eftir dvöl sína í þjóðgarðinum.

Sú þjónusta við ferðafólk sem krefst uppbyggingar, t.d. hótélrekstur, er utan þjóðgarðsins og yfirstjórn hans á gott samstarf við rekstraraðila í ferðaþjónustu í nágrenninu.

Við uppbyggingu þjónustu er þess gætt að samnýta aðstöðu eftir því sem kostur er en jafnframt að lágmarka hættu á árekstrum milli ólíkra notendahópa.

Leitast er við að byggja þjónustu upp á skilgreindum mannvirkjasvæðum en dreifa henni ekki um þjóðgarðinn. Þannig fæst mest hagkvæmni og minnst rask í uppbyggingu samgöngu- og veitukerfa. Yfirbragð mannvirkja er í góðu samræmi við umhverfið og ljósmengun haldið í lágmarki.

Gestir eiga þess kost að kynnast lífríki vatnsins og umhverfinu þar.

Öll þjónusta innan þjóðgarðsins lýtur skilgreindum gæðakröfum og leyfisveitingum.

MEGINMARKMIÐ

Stefna um mannvirkjasvæði og þjónustu sem þar er veitt er sett fram í kafla 6.3.

Öll aðstaða til afþreyingar, sem byggð verður upp í þjóðgarðinum, taki mið af menningar- og náttúrufarslegri sérstöðu Þingvalla með það að markmiði að gestir fari fróðari heim.

Einstökum atburðum úr sögu Þingvalla verði miðlað með sjónrænum, leikrænum og lifandi hætti.

Mótaðar verði almennar umgengnisreglur fyrir gesti og þær kynntar vel. Öll dvöl, afþreying og aðstaða sé með þeim hætti að náttúra og sögulegar minjar skaðist ekki.

Þjóðgarðurinn bjóði upp á tjaldsvæði með líku sniði og verið hefur en gisting af öðru tagi verði utan þjóðgarðsins enda stutt til péttylisstaða. Gert er ráð fyrir einfaldri aðstöðu fyrir tjaldgesti.

Settar verði nánari reglur um samninga og útboð á starfsemi og þjónustu þegar það á við. Unnið verður að svæðisáætlun þjónustu og uppbyggingar á nærsvæði þjóðgarðsins með helstu hagsmunaaðilum í nágrenninu m.a. sveitarfélögum, félagasamtökum og aðilum í ferðaþjónustu.

VÖKTUN

Nauðsynlegt er að fylgjast grannt með áhrifum gesta á þjóðgarðinn og búa þannig um að sem flestir geti notið heimsóknar í garðinn án þess að farið sé yfir mörk ásættanlegra breytinga. Vöktunin felur eftirfarandi í sér:

Reglubundið mat á ástandi viðkvæmra svæða. Farið er yfir lista af vöktunatriðum og niðurstöður ástandsskoðunar bornar saman við viðmiðunarástand.

Komi fram viðvörun um að ástand hafi farið út fyrir ásættanleg mörk eru viðbrögð ákveðin, yfirleitt annaðhvort breyting á umbúnaði til að auka afköst án áhrifa eða takmarkanir á notkun.

Nauðsynlegt er að skrá athuganir, viðmiðanir og viðbrögð.



5.4 VISTKERFI

NÚVERANDI STAÐA

Á nokkrum stöðum í Þingvallabjórðgarði var plantað barrtrjám á tuttugustu öldinni. Þeim fyrstu var plantað 1899 og var það upphaf barrtrjáaræktar á Íslandi. Þessari plöntun hefur verið hætt og það sjónarmið orðið ofan á að svo áberandi breyting á vistkerfi og ásynd þjóðgarðsins sé ekki réttlæt看leg. Þjóðgarðurinn hefur átt samstarf við Skógrækt ríkisins um grisjun og hirðu barrtrjánna í þjóðgarðinum.

Vistkerfi plantna hefur verið rannsakað og kortlagt. Gróðureyðing er nokkur nyrst í þjóðgarðinum, einnig í Svartagili og við Arnarfell.

Þjóðgarðurinn er aðili að Veiðifélagi Þingvallavatns og jafnframt þátttakandi með fleirum í því að rannsaka og vernda vistkerfi vatnsins.

Dregið hefur verið úr yfirborðssveiflum í Þingvallavatni til að vernda búsvæði kuðungableikju og urriða.

Árið 2007 hófst vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Verkefnið er á vegum Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnun Kópavogs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Um er að ræða sýnatökur og mælingar nokkrum sinnum á ári og er vöktuninni skipt í þrjá meginverkpætti.

1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli (Jarðvísindastofnun Háskólans)
2. Lífríkis- og efna- og eðlisþættir í vatnsbol (Náttúrufræðistofa Kópavogs)
3. Fiskistofnar (Hafrannsóknarstofnun)

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Mannanna verk hafa ekki frekari áhrif á vistkerfi Þingvallabjórðgarðs en þegar er orðið enda er þess vandlega gætt í skipulagi og framkvæmdum. Aðfluttum tegundum er haldið fjarri nema um sé að ræða vistkerfisbreytingar á landsvísu og fyrri inngríp hafa að nokkru verið leiðrétt, einkum í þinghelginni þar sem gróður er færður í horf fyrri alda gagngert vegna hlutverks þinghelgarinnar sem sögusviðs og vegna verndunar fornminja. Þjóðgarðurinn leggur sitt af mörkum í viðhaldi og endurreisn lífríkis Þingvallavatns í samstarfi við aðra aðila, t.d. með verndun hrygningarstöðva í Öxará. Fjölbreytni og útbreiðsla tegunda hefur verið könnuð og kortlögð. Fylgst er með breytingum á vistkerfinu með skipulegum hætti og orsakir breytinga greindar. Áhersla er lögð á að kynna þá þætti vistkerfisins sem eru einkennandi fyrir Þingvelli eða sérstakir.

MEGINMARKMIÐ

Gróður sem ekki er upprunninn á Þingvöllum verði fjarlægður úr þinghelginni, s.s. barrtré og aspir og á þeim stöðum öðrum þar sem slíkur gróður er nærri markverðum menningarminjum. Einnig er hugað sérstaklega að þeim stöðum þar sem útsýni skerðist vegna framandi trjágróðurs. Sjálfsáningu þessara tegunda verði haldið í skefjum og framandi ágengar tegundir upprættar. Umhirða og grisjun barrtrjáa á öðrum svæðum miði að því að náttúrulegur gróður fái notið sín.

Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof með aðgerðum sem falla vel að tegundasamsetningu sem fyrir er og áhersla lögð á að nota ekki aðfluttar tegundir sem breiða úr sér út fyrir skilgreind landgræðslusvæði.

Greind verði þau svæði þar sem umferð gesta gæti haft áhrif á dýralíf, t.d. varp fugla, og umferð stýrt í samræmi við það.

Tófu og sérstaklega minki verði haldið í skefjum, gjarnan í samvinnu við aðra landeigendur við vatnið.

VÖKTUN

Gerð verði ítarleg áætlun um vöktun vistkerfis á Þingvöllum í góðu samstarfi þjóðgarðs, háskóla og stofnana sem um vistkerfið fjalla. Hlutverk vöktunarinnar er að vara við breytingum og auka þekkingu, t.d. á samspili tegunda.



5.5 FRÆÐSLA

NÚVERANDI STAÐA

Núverandi fræðslustarfsemi á Þingvöllum miðar að því að fræða almenning um sögu og náttúru Þingvalla. Í boði er vönduð 300 m² sýning í gestastofu og aðstaða til fyrirlestrarhalds auk prentaðs efnis og skipulagðrar lifandi leiðsagnar um svæðið.

Af samráði við gesti og hagsmunaaðila má ráða að mikil eftirspurn er eftir fræðslu á margvíslegu formi. Fræðsla og merkingar hafa einkum beinst að þinghelginni enda fara þar flestir um.

Unnið hefur verið að skráningu fornleifa og örnefna innan þjóðgarðsins og helstu minjastaðir skrásettir. Ekki hefur verið gefin út lokaskýrsla en góður grunnur hefur orðið til fyrir frekari fræðslu.

Koma þarf fræðslumálum innan garðsins í skýran farveg og auka samstarf við aðra aðila (t.d. Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun) sem láta sig fræðslu og rannsóknir á svæðinu varða. Efla þarf samstarf við skóla og glæða áhuga þeirra á Þingvöllum sem vettvangi kennslu í mörgum greinum.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Gestum þjóðgarðsins bjóðast upplýsingar um sérstöðu hans á margvíslegu formi. Þannig geta t.d. gestir í hópferðum með skamma viðdvöl fengið stutt og hnitmiðað yfirlit en aðrir sökkt sér dýpra. Öllum upplýsingum um þjóðgarðinn fylgja helstu reglur um umgengni.

Til Þingvalla liggur skipulagður og stöðugur straumur hópa af skólafólki sem hefur áður en það lagði í ferðina unnið vandaða heimavinnu úr öllu því fræðsluefni – ýmist prentuðu eða á formi margmiðlunar – sem stendur til boða um Þingvelli og viðfangsefni heimsóknarinnar. Á Þingvöllum hefst ferð nemenda og fróðleiksfúsra gesta í gestastofunni þar sem starfsfólk þjóðgarðsins útskýrir hvernig nýta má bæklinga, leiðsögn, margmiðlunarefni, merkingar og aðra aðstöðu til að afla fróðleiks og tengja hann við sérstætt umhverfi.

Á tilteknum stöðum er búið sérstaklega í haginn fyrir skólanema sem vilja skoða lífverur í vatninu, gróður á landi eða fugla í tengslum við nám sitt.

Á Þingvöllum er búið í haginn fyrir fræði- og listamenn sem leita þar fanga og þar eru verk þeirra kynnt. Þjóðgarðurinn hefur samstarf við hagsmunaaðila um aðstöðu- og kynningarmál þannig að auðvelt sé að skipuleggja heimsókn til margra aðila í einni og sömu ferðinni.

Lögd er áhersla á fræðslu, t.d. með lifandi leiðsögn, um þá málaflokka sem eru einstakir fyrir Þingvallasvæðið; fornminjar og menningarsögu, jarðfræði og lífríki vatnsins.

Öflugt samstarf er við þær meginstofnanir samfélagsins sem starfað hafa á Þingvöllum á liðnum öldum, Alþingi og þjóðkirkju, um að þeirra þætti í sögu Þingvalla sé gerð greinargóð skil í fræðsluefni. Þessar stofnanir minnast sögu sinnar á Þingvöllum með því að flétta starf sitt í nútíð að nokkru leyti inn í starfsemi þjóðgarðsins.

MEGINMARKMIÐ

Unnin verði fræðslustefna þar sem fram kemur sérstaða Þingvalla og hvernig henni er miðlað.

Merkingum og fræðslu á vettvangi, með margvíslegri tækni, verði komið upp á öllum helstu viðkomustöðum t.d. í Þinghelginni, á gönguleiðum og við Þingvallavatn. Hönnun þeirra verði látlaus og falli vel að landinu en veiti um leið greinargóðar upplýsingar um mismunandi efni er tengjast sögu og náttúru Þingvalla.

Gestastofan verði miðja fræðslustarfs með grunnsýningu en unnið verði að viðburðum, málþingum og fyrirlestrum. Hvað styrkir annað, aðgengilegar upplýsingar í gestastofunni og vel merkt kennileiti, náttúrufyrirbæri, fornminjar og söguupplýsingar úti á svæðinu.

Fylgjast þarf með skipulegum hætti með því að fræðsluefni sé tiltækt og innihald sé í samræmi við það sem best gerist í efnistöfum og framsetningu.

Hafnar verði viðræður við Alþingi og þjóðkirkju um þeirra þátt í fræðslu og starfi á vegum þjóðgarðsins. Jafnframt verði mótuð stefna um aðgang annarra samtaka sem tengjast beint sögu Þingvalla, s.s. ásatrúarmanna.



5.6 RANNSÓKNIR OG VÍSINDI

NÚVERANDI STAÐA

Nokkrir ólíkir aðilar koma að rannsóknum sem tengjast Þingvöllum og Þingvallavatni. Hver þessara aðila vinnur á eigin forsendum og lítil sem engin tengsl eða samstarf eru þar á milli nema að einhverju leyti innan sömu vísindagreinar. Þjóðgarðsyfirvöld hafa ekki talið sér skylt að eiga frumkvæði að samræmingu í þessum efnum enda er t.d. aðeins lítil hluti vatnsins innan þjóðgarðsins. Þingvallanefnd hefur styrkt sérstaklega ýmsar rannsóknir, einkum á lífríki Þingvallavatns og er þeim gerð skil í bókum sem út hafa komið um vatnið.

Í reglubundnu starfi þjóðgarðsins er ekki fólgin bein hvatning til fræðastarfsemi og rannsókna nema til þess hafi verið stofnað af sérstöku tilefni, t.d. með tilstilli Kristnihátíðarsjóðs eða að frumkvæði einstakra vísindamanna eða stofnana. Ekkert yfirlit er að finna yfir allar rannsóknir sem tengjast Þingvöllum.

Áhugi er á auknu frumkvæði og samræmingu þjóðgarðsins um rannsóknir á náttúru hans og sögu.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Þjóðgarðurinn gefur út yfirlit um þau rannsóknasvið sem honum myndi gagnast best að sinnt væri, vegna þess hlutverks sem honum er ætlað, t.d. í vernd og fræðslu. Um þetta á þjóðgarðurinn reglubundið samráð við fræðimenn og vísindastofnanir.

Áhersla er lögð á þætti sem tengjast sérstöðu Þingvalla, bæði hvað varðar náttúru og menningu. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á fornleifum og þann efnivið sem þær veita í myndir sem við gerum okkur af sögulegri framvindu, lífi og hugmyndaheimi fyrri alda og því hlutverki sem Þingvellir gegndu sem miðpunktur í íslensku samfélagi á miðöldum. Hlut Þingvalla í miðaldasögu þjóðarinnar er haldið á lofti og stofnað til samstarfs við þá sem vinna að fræðilegum rannsóknum vegna þingstaða í landinu eða hafa forsjá í Skálholti, Reykholti og á Hólum, svo að dæmi séu nefnd. Áhersla er lögð á það að allar rannsóknir og niðurstöður þeirra séu sem sýnilegastar og aðgengilegastar lærdum sem leikum enda komi það ekki niður á viðfangsefninu.

Vefurinn er mikilvægur vettvangur upplýsingamiðlunar um fyrri rannsóknir og niðurstöður þeirra sem nýtist m.a. við skipulagningu nýrra rannsókna og mat á stöðu þekkingar hverju sinni.


MEGINMARKMIÐ

Komið verði á fót söfnun og veitu upplýsinga um rannsóknir, rannsóknaaðila og niðurstöður. Byrjað með tiltölulega einföldu upplýsingakerfi á vefnum. Finna þarf leið til að tryggja að upplýsingar um rannsóknir berist.

Fræðimenn geti haft aðstöðu innan þjóðgarðsins.

Við gerð fræðsluáætlana verði tekið mið af rannsóknaniðurstöðum og þær kynntar gestum þjóðgarðsins eftir því sem unnt er og tilefni gefast.

Þjóðgarðurinn gefur út og endurskoðar reglulega yfirlit um rannsóknáherslur.



5.7 HAGKERFI OG SAMFÉLAG

NÚVERANDI STAÐA

Þjóðgarðurinn á margvíslegt samráð við aðila sem tengjast rekstrinum. Einkum er hér um að ræða opinbera aðila sem fjalla um fornleifar, skógrækt, landgræðslu og þess háttar atriði sem lúta opinberri umsýslu auk almennra hluta stjórnsýslu ríkis og sveitarfélags. Almennt má segja að þetta samráð sé haft þegar þörf krefur til að leysa úr málum sem koma upp í rekstri garðsins.

Þjóðgarðurinn er staðsettur mjög nálægt höfuðborginni (um 40 mínútna akstursfjarlægð) og þéttbýliskjörnum á Suðurlandi. Smám saman hefur þjónusta verið að byggjast upp á vegum einkaaðila á útjöðrum þjóðgarðsins. Efnahagsleg áhrif þjóðgarðsins verða því að skoðast bæði sem óaðgreinanlegur hluti vaxtar og arðsemi í ferðaþjónustu á Íslandi almennt og sem hreyfiafl atvinnulífs á nærsvæðum enda er þjóðgarðurinn með mest sóttu ferðamannastöðum á landinu.

Með vaxandi ferðamannafjölda ber meira á því að gestagangur og starfsemi ferðaþjónustuaðila rekist á þolmörk einstakra svæða innan þjóðgarðsins. Þetta hefur t.d. gerst við Silfru, þar sem mikil ásókn er í köfun. Þjóðgarðurinn hefur því þurft að setja reglur varðandi köfun og lagt gjald á starfsemi köfunarfyrirtækja til að standa undir kostnaði við aðstöðu og þjónustu. Búast má við að þjóðgarðurinn bregðist við á hliðstæðan hátt í fleiri tilfellum í framtíðinni.

Þjóðgarðurinn hefur samráð við stór fyrirtæki með starfsemi í grennd við þjóðgarðinn, t.d. orkufyrirtæki, vegna sameiginlegra hagsmunamála á borð við skipulag kynningar og rannsóknna, gestastraum og veitukerfi.

Þjóðgarðurinn hefur ekki sett sérstaka atvinnustefnu enda eru lagaheimildir til þess ófullkomnar.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur frumkvæði að því að rækta tengsl við margvíslega aðila, sem tengjast þjóðgarðinum, með virku og skipulegu samráði. Þannig er reynt að sjá fyrir hagsmunaárekstra og leitað eftir samlegð í aðkomu hinna ólíku hópa. Starfsemi ferðaþjónustu og annarra rekstraraðila er í samræmi við atvinnustefnu þjóðgarðsins, þar sem m.a. koma fram skilyrði og önnur viðmið sem samrýmast verndarhagsmunum þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn leitar eftir samstarfi og samráði við félög og stofnanir sem tengjast sögu Þingvalla, fyrst og fremst Alþingi og þjóðkirkju.

Þjóðgarðurinn hefur samráð við sveitarstjórnir í grennd við þjóðgarðinn um þau mál þar sem hagsmunir kunna að skarast, t.d. um skipulagsmál.

Kjarnastarfsemi innan þjóðgarðsins er almennt rekin af þjóðgarðinum sjálfum en önnur þjónusta almennt rekin af einkaaðilum með samningi við Þingvallanefnd á þeim sviðum þar sem reynsla er af útboði skilgreindra þjónustupátta til einkaaðila, s.s. veitinga-, bóka og minjagripasölu og ljóst er að þjóðgarðurinn hefði nauðsynlega þurft að reka ella sjálfur. Þingvallanefnd stjórnar starfsemi innan þjóðgarðsins. Nefndin getur samið við einkaaðila um einstaka þætti hennar en tekið skal mið af því að hún einkennist af þeirri virðingu sem sýna ber starfi og leik á Þingvöllum. Öll starfsemi er í samræmi við markmið um verndun, sjálfbærni og virðingu fyrir helgi staðarins. Þjóðgarðurinn kynnir tímanlega allar breytingar sem hafa áhrif á þá sem byggja afkomu á þjóðgarðinum eða gestastraumi til hans og leitast við að milda áhrif slíkra breytinga.

MEGINMARKMIÐ

Áætlun um skipulegt samráð við ofangreinda aðila þar sem samræming og samlegð er höfð að leiðarljósi.

Þjóðgarðurinn kanni hug gesta til þjónustu og upplifunar með reglulegu millibili, t.d. í tengslum við gerð hvernar verkefnaáætlunar.



5.8 FORNLEIFAR OG MENNINGARLANDSLAG

NÚVERANDI STAÐA

Undanfarin ár hefur verið unnið að fornleifaskráningu í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Markmið rannsóknarinnar er að skrá fornleifar í þjóðgarðinum með hefðbundinni heimildavinnu en einnig með ítarlegri vettvangskonun þar sem minjar eru mældar inn í gagnagrunn í landupplýsingakerfi þjóðgarðsins með nákvæmri staðsetningartækni.

Hugsanlegt er að einhverjar fornleifar liggi undir skemmdum, t.d. vegna vatnsrofs í Öxará og aðrar minjar kunna að verða fyrir áhrifum af landsigi við vatnið. Grafið hefur verið á nokkrum stöðum í smáum stíl með mismiklum árangri. Fornleifar er mjög víða að finna innan þjóðgarðsins en einkum innan þinghelgarinnar og á eyðibýlum í hrauninu.

Margar fornminjar eru vel greinilegar á yfirborði undir jarðvegslagi og gróðurþekju. Mikilvægt er að slík ummerki týnist ekki í gróðri og gróðurinn hafi ekki rótarvöxt sem spillir minjum eða torveldar rannsóknir á þeim. Þetta kallar á það að gróðri sé að nokkru leyti haldið niðri eða eytt.

Nauðsynlegt er að fylgst sé með ástandi fornleifa, einkum þeirra sem eru ofanjarðar, t.d. grjóthleðslur sem veðrast eða verða fyrir öðru hnjaski, t.d. ágangi gesta.

Minjastofnun Íslands fjallar um og veitir leyfi til allra fornleifarannsókna á Þingvöllum jafnt sem öðrum stöðum á Íslandi skv. lögum þar um. Stofnunin leggur mikla áherslu á það að á Þingvöllum sé hugsanlega að finna merkustu fornleifar á landinu öllu og því mikilvægt að fara að öllu með gát.

Fjárveitingar til fornleifarannsókna á Þingvöllum hafa verið með ýmsum hætti, t.d. á vegum Þingvallanefndar, Þjóðminjasafns og Kristnihátíðarsjóðs. Einnig hafa aðrir sjóðir s.s. Fornleifasjóður og atvinnuáttaksverkefni styrkt fornleifarannsóknir. Ekki hefur verið skýr stefna um forgangsöðun í slíkum rannsóknum og umfjöllun um verkáætlanir er ekki í föstum skorðum.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Í starfsemi þjóðgarðsins er lögð áhersla á að ekkert spilli fornleifum, aðgengi að þeim og rannsóknum í nútíð eða framtíð. Hlutverk þjóðgarðsins er einkum að búa í haginn fyrir starfsemi annarra aðila sem framkvæma og stjórna fornleifarannsóknum á svæðinu en jafnframt að samræma slíkt starf við aðra starfsemi í þjóðgarðinum. Í daglegu starfi sér þjóðgarðurinn um umhirðu og eftirlit með fornleifasvæðum í samráði við Minjastofnun Íslands og grípur inn í ef ágangur, gróður, veðrun eða líkir þættir virðast líklegir til að hafa áhrif. Grunnur skipulegrar verndunar og umhirðu er ítarleg skráning fornleifanna.

Gerð er grein fyrir sýnilegum ummerkjum um fornleifarnar á skýran en hógværan hátt á fornleifasvæðinu en í rannsókna- og gestastofu eru minjarnar kynntar frekar ásamt árangri rannsókna, t.d. í sýndarheimi. Þar fá gestir að kynnast hugmyndum um þau mannvirki, þinghald og samfélag sem minjarnar tengjast með skírskotun í annan fróðleik, t.d. um jarðfræði, vistkerfi og hugarheim. Öll umgjörð fornminjanna sjálfra ber vott um virðingu og helgi.

MEGINMARKMIÐ

Lokið verði ítarlegri skráningu allra fornminja innan þjóðgarðsins ásamt mati á ástandi og þörf fyrir viðhald og eftirlit. Sett verði fram forgangsörðun aðgerða til verndar þeim minjum sem kunna að liggja undir skemmdum. Jafnframt verði upplýsingar um fornminjar gerðar aðgengilegar.

Komið verði fyrir skýrum en hógværum merkingum sýnilegra fornleifa í tengslum við gönguleiðir um fornleifasvæði. Merkingarnar vísi jafnframt til ítarefnis í gestastofu eða annars staðar.

Gönguleiðir verði skipulagðar um fornleifasvæði þannig að gestir geti skynjað fornleifarnar á staðnum en án áhrifa á þær, t.d. með átroðningi.

Skýrar kröfur verði gerðar um verklag við fornleifarannsóknir hvað varðar umbúnað, jarðvegsflutning og þess háttar atriði, auk upplýsingaskyldu framkvæmdaaðila um tímasetningu, umfang og áhrif á aðra starfsemi.

Áætlun verði gerð um eftirlit og viðhald fornminja og fornminjasvæða í samstarfi við Minjastofnun Íslands og um varnaraðgerðir ef fornminjar eru taldar liggja undir skemmdum. Viðmiðanir verði settar um ásýnd fornminjasvæða t.d. varðandi gróðurþekju og nálæg mannvirki.



5.9 STJÓRNUN

NÚVERANDI STAÐA

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er undir stjórn Þingvallanefndar sem er skipuð alþingismönnum og kjörin af Alþingi. Þingvallanefnd ræður þjóðgarðsvörð sem jafnframt er framkvæmdastjóri þjóðgarðsins. Á síðustu árum hefur fjölbreytileiki í viðfangsefnum starfsmanna aukist mikið og leitað er til fjölmargra aðila eftir sérþekkingu af ýmsu tagi.

Innra starf þjóðgarðsins er í föstum skorðum en lýtur ekki formlegum kerfum á borð við gæðakerfi.

Þjóðgarðurinn hefur sett sérstakar reglur um myndatökur og auglýsingagerð.

FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Stjórnun þjóðgarðsins á Þingvöllum miðar að því að sem flestir fái notið þeirra gæða sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða án þess að gæðin rýrni. Áhersla er lögð á að gestir njóti staðarins á sem margvíslegastan hátt og takmarkandi stjórnun því aðeins beitt að það þjóni skýrum tilgangi verndunar í samræmi við þessa stefnu. Leitast er við að bjóða gestum að njóta þjóðgarðsins að einhverju leyti á öllum árstímum eftir því sem aðstæður leyfa.

Öryggi þjóðgarðsgesta og starfsfólks er tryggt með skýrum reglum og leiðbeiningum. Í þjóðgarðinum er unnið eftir skipulegu gæða- og öryggiskerfi sem tryggir að viðhald og önnur reglubundin verk eru í föstum skorðum og brugðist er skipulega við frávikum.

Aðgangur að þjóðgarðinum er öllum heimill án endurgjalds. Gestir þurfa að greiða fyrir einstaka þjónustupætti sem þeir nýta sér, t.d. meginbílastæði í kringum þinghelgina, þátttöku í skipulegri afþreyingu, veiðileyfi, tjaldgistingu og þess háttar. Auk tekjuöflunar er gjaldtökunni og notkunarleyfum beitt til að stýra álagi sem þjónustupættirnir valda á náttúruna. Leitast er við að dreifa þjónustunni sem mest til að jafna álag. Þjónusta, sem snýr fyrst og fremst að fræðslu á vegum þjóðgarðsins, er almennt ókeypis.

Starfsemi á vegum einkaaðila innan þjóðgarðsins fellur að skýrum ramma sem viðheldur náttúrulegu og vistvænu yfirbragði með virðingu fyrir helgi staðarins. Slíkri þjónustu er valinn staður í samræmi við stefnu um landnotkun og almennt í hæfilegri fjarlægð frá þinghelginni.

Stjórnkerfi garðsins býr í hagin fyrir vinnu sjálfbodaliða, innlendra og erlendra, t.d. með greinargóðum verklýsingum og dvalaraðstöðu. Starfsfólk á kost á búsetu á þar til afmörkuðum svæðum vestan sigdældarinnar.

MEGINMARKMIÐ

Komið verði á fót vel skilgreindu kerfi í anda umhverfisstjórnunar sem tengir mörk ásættanlegra breytinga í hinum ýmsu þáttum við þolmörk álags af völdum umferðar og dvalar þjóðgarðsgesta. Kerfið geri ráð fyrir vöktun og inngripum ef breytingar leita út fyrir ásættanleg mörk. Skilgreind verði nánar mörk ásættanlegra breytinga sem hér eru tiltekin fyrir hvert svæði eftir því sem við á.

Komið verði á gæðakerfi fyrir innra starf þjóðgarðsins í hæfilegu samræmi við umfang starfseminnar þar sem t.d. er tekið á viðhaldi mannvirkja.

Metin verði hætta sem starfsfólki og gestum kann að vera búin í þjóðgarðinum og útbúnað öruggisreglur og áætlanir í samvinnu við viðbragðsaðila og þær stofnanir stjórnkerfisins sem gæta öryggis almennings. Gestum verði kynntar öryggisreglur eftir þörfum á hverjum stað og umbúnaður hafður vandaður og vel við haldið. Könnuð verði réttarstaða þjóðgarðsins vegna ábyrgðar sem hann kann að bera á öryggi gesta.

Mótaður verður rammi um útboð, leyfisveitingar og starfsemi einkaaðila sem starfa innan þjóðgarðsins. Sá rammi tryggi að starfsemin sé í samræmi við stefnu þjóðgarðsins í heild um ásýnd, verndun og virðingu.

Fundin verði svæði þar sem koma má fyrir íbúðum fyrir starfsfólk vestan sigdældarinnar.

Ávallt liggi fyrir spá um þróun gestafjölda næstu 10 ára til hliðsjónar við ákvarðanatöku og forgangsroðun.




6. LANDNOTKUN



6.1 FRAMTÍÐARSÝN TIL 2038

Landnotkun og skipulag á Þingvöllum miðar að því að vernda ásýnd, menningarlandslag og vistkerfi svæðisins en stuðlar jafnframt að ánægjulegri dvöl þeirra sem heimsækja þjóðgarðinn. Höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbæru ástandi. Í skipulagsáætlunum er landi þjóðgarðsins skipt í svæði sem hvert um sig hefur skýrar útlínur og skilmála um umfang og ásýnd mannvirkja. Jafnframt er tiltekin gerð og umfang þeirrar starfsemi sem leyfð er á hverju svæði ásamt kröfum sem starfsemin þarf að uppfylla um sjálfbærni og umhverfisvernd.



6.2 REITASKIPTING ÞJÓÐGARÐSINS


Sú stefna sem hér er sett fram um landnotkun er hliðstæð þeirri sem sveitarfélög setja fram í aðalskipulagi. Með því er leitast við að tryggja samræmi milli þess hvernig stefna Þingvallanefndar um landnotkun annars vegar og Bláskógabyggðar hins vegar er sett fram. Jafnframt verði stefnan sem hér er sett fram um landnotkun jafn greinargóð leiðsögn fyrir mótun deiliskipulags og ætlast er til af aðalskipulagi.

Um allar framkvæmdir innan þjóðgarðsmarka gildir að þær eru háðar leyfi Þingvallanefndar og þurfa að vera í samræmi við lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og reglugerð nr. 848/2005. Að þeim skilyrðum uppfylltum taka við leyfisveitingar sveitarfélagsins, þ.e. útgáfa framkvæmda- eða byggingaleyfis í samræmi við almenn lög sem um slík leyfi gilda.

Þjóðgarðinum er hér fyrir neðan skipt í reiti sem helgast af mismunandi notkun, verndarkröfum og menningartengdu gildi. Reitunum er lýst og getið í stuttu máli um núverandi ástand, mörk ásættanlegra breytinga og stefnu fyrir hvert þeirra.

Vísað er í reitaskiptingu, mannvirki og innviði sem fram koma á uppdráttum sem hér segir:

- Uppdráttur 2: Reitaskipting
- Uppdráttur 3: Mannvirkjasvæði
- Uppdráttur 4: Samgöngur á kjarnasvæði
- Uppdráttur 5: Helstu gönguleiðir
- Uppdráttur 6: Helstu hjólaleiðir
- Uppdráttur 7: Reiðleiðir
- Uppdráttur 8: Siglingar og landtaka



S1: VESTARI BARMUR SIGDÆLDARINNAR

Af vestari barmi sigdældarinnar er gott útsýni yfir kjarnasvæði þjóðgarðsins og aðgengi að því eftir leiðum um Almannagjá og Stekkjargjá. Svæðið er hraunbreiða, aðallega gróin mosa. Þjóðvegur 36 liggur eftir svæðinu endilöngu og af honum er afleggjari að mannvirkjasvæðinu á Hakinu (A1). Stefna um að halda mannvirkjagerð innan sigdældarinnar í lágmarki má framfylgja m.a. með því að beina mannvirkjagerðinni á þetta svæði enda er það miklu síður viðkvæmt með hliðsjón af náttúrufari og menningarminjum. Lágreist mannvirki á þessu svæði eru ekki sýnileg frá kjarnasvæði í sigdældinni.


Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Helstu aðkomuleiðir að vesturhluta sigdældarinnar verði um mannvirkjasvæði innan þessa reits. Gert er ráð fyrir mannvirkjasvæðum á Hakinu (A1), við Langastíg (A2) og við gatnamót nýs Kaldadalsvegar (A3) og að þau þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum. Mögulega verður mannvirkjasvæði A3 á sama stað og A2 og því eitt og sama mannvirkjasvæðið. Gert er ráð fyrir göngubrautartengingu um afgjá niður í Stekkjargjá frá nýju mannvirkjasvæði við Langastíg.

Mörk ásættanlegra breytinga

Mannvirki skulu vera lítt eða ekki sýnileg frá þinghelginni og falli vel að umhverfinu.

Utan mannvirkjasvæða skal vernda hraunmyndanir og gróður fyrir ágangi og viðhalda náttúrulegu ástandi og ásýnd.



S2: ÞINGHELGIN

Þinghelgin er vettvangur hins forna Alþingis og þar er þungamiðja þeirrar hliðar þjóðgarðsins sem snýr að menningarsögu og fornminjum. Innan þinghelgarinnar er mikið af fornminjum í jörðu og sést þar móta fyrir búðum þingmanna frá síðustu öldum Alþingis á Þingvöllum. Innan þinghelgarinnar eru tvær byggingar: Þingvallakirkja og Þingvallabærinn. Í Þingvallabænum er skrifstofa þjóðgarðsvarðar og aðstaða fyrir presta til undirbúnings messuhalds og athafna í Þingvallakirkju. Þar er jafnframt opinber sumarbústaður forsætisráðherra á Þingvöllum og aðstaða til að taka á móti gestum. Land í þinghelginni sígur jafnt og þétt auk þess sem hætta er á hröðu sigi í jarðhræringum eins og sagan hefur kennt.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Þinghelgin hafi yfirbragð kyrrðar og virðingar fyrir sögu og sérstæðri náttúru.

Mikilvægt er að umferð gesta valdi ekki spjöllum á náttúru eða minjum og að fyllsta öryggis sé gætt. Göngustígakerfi miðist við að mestur fjöldinn fari vel skilgreindar og merktar meginleiðir sem gerðar eru til að þola mikið álag en að aðrar leiðir standi jafnframt til boða, sjá kafla um samgöngur.

Umferð og viðvöl bíla um þinghelgina takmarkist við sérstakar þarfir hreyfihamlaðra, landvörslu og rekstrar nema sérstakir atburðir eða samkomur gefi tilefni til annars.

Tvö mannvirkjasvæði eru innan þinghelgarinnar, þ.e. útisvið (B1) og Þingvallabær, kirkja og grafreitur (B2).

Mörk ásættanlegra breytinga

Í þinghelginni felst sérstaðan annars vegar í sögu og fornminjum og hins vegar í þeim jarðmyndunum sem mynda umgjörð sögunnar. Ásættanlegar breytingar takmarkast því fyrst og fremst af verndun fornminjanna og af virðingu sem þeim ber að sýna. Jafnframt þarf að viðhalda hinu náttúrulega umhverfi í jarðmyndunum og gróðri, sem sýnilegri umgjörð sögunnar, án þess að athyglin dragist að óskyldum mannvirkjum.



S3: EFRI-VELLIR

Innan svæðisins eru grasflatir sem sléttaðar voru fyrir hátíðahöld 1930 og 1944 og hafa verið notaðar síðar í sama tilgangi. Grasið er slegið og nýtist sem leikvöllur. Hátíðagestir hafa setið í brekku og fylgst með dagskrá á færanlegu sviði.

Engin mannvirki eru á svæðinu önnur en vegir og stígar og engin önnur grunnkerfi. Við hátíðahöld hefur þurft að leggja þangað bráðabirgðalagnir fyrir vatn og rafmagn.

Öxará hefur flæmst yfir svæðið að vetrarlagi þegar krapastíflur myndast í gjánni.

Furulundurinn er eitt helsta kennileiti á svæðinu en hann er afsprengi fyrstu gróðursetningar á Íslandi, árið 1899, þó ekkert tré í lundinum sé frá þeim tíma.

Syðst á svæðinu er bílastæði og sunnan við stæðið eru Kastalar, hraunhólar sem afmarka þinghelgina að norðanverðu.

Lítill hluti svæðisins er ósnertur.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Afleggjari Vallarvegar að Þingplani verði lokaður almennri umferð við Efri-Velli en þar verði aðstaða fyrir langferðabíla til að taka upp eða setja út farþega og snúa við en ekki til að bíða. Þar verði einnig takmarkaður fjöldi gjaldskyldra bílastæða fyrir einkabíla.

Gert er ráð fyrir ofangreindri aðstöðu fyrir bíla á mannvirkjasvæði B4.

Efri-Vellir verði áfram vettvangur hátíðarhalda og búið í haginn fyrir slíka viðburði, þó þannig að jarðrask sé í lágmarki.

Stígar veiti greiða leið að mannvirkjasvæði við Langastíg (A2). Til þess þarf hugsanlega að jafna yfirborð og koma fyrir pöllum vegna hæðarmunar, eða breyta legu leiðarinnar. Vallavegur sunnan mannvirkjasvæðis B4 nýtist einkum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Gert er ráð fyrir göngubrautartengingu um afgangi niður í Stekkjargjá frá nýju mannvirkjasvæði við Langastíg.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Engin varanleg mannvirki verði á svæðinu önnur en stígar, með nauðsynlegum pöllum, og þegar lagðir vegir.



S4: FAGRABREKKA

Fagrabrekka er að mestu ósnert svæði sem skilur milli tjaldsvæða þar norður af (S5) og Efri-Valla/Þinghelgar (S3 og S2). Svæðið liggur vel við sólu og þar vex fjölbreyttur móa- og holtagróður.


Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Svæðið verði óbreytt að öðru leyti en því að búið verði í haginn fyrir gangandi og hjólandi umferð, t.d. með stíg meðfram Vallavegi.

Barrtré innan svæðisins verði fjarlægð.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Engar breytingar verði aðrar en þær sem miða að bættum göngu- og hjólaleiðum.



S5: TJALDSVÆÐI OG MIÐSTÖÐ Á LEIRUM

Á þessu svæði jafnast hæðarmunur milli sigdældar og Almannagjár og þjóðvegurinn beygir af barminum til austurs yfir sigdældina. Á Leirum (mannvirkjasvæði A4) er þjónustumiðstöð fyrir ferðafólk og aðstaða fyrir starfsfólk þjóðgarðsins. Aðaltjaldsvæði þjóðgarðsins eru á svæðinu, beggja vegna þjóðveggar 36. Vallavegur liggur frá mannvirkjasvæðinu niður að þinghelginni og vatnsbakkanum. Til norðurs liggur Kaldadalssvegur (550) en fram hafa komið áform um færslu hans til vesturs.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Á svæðinu verði áfram aðaltjaldsvæði og aðstaða fyrir ferðavagna með tilheyrandi þjónustu. Söluskáli og veitingaaðstaða fyrir ferðafólk færist yfir á mannvirkjasvæði A2 eins og nánar er lýst í kafla um mannvirkjasvæði, með fyrirvara um að umhverfisrask við þá leið sé ásættanlegt. Eftir standi miðstöð fyrir eigin starfsemi þjóðgarðsins og upplýsingagjöf fyrir gesti.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Allt svæðið getur verið manngert en í stíl og frágangi þannig hagað að það skeri sig sem minnst úr umhverfinu. Áhersla á varanleg og viðhaldsfri byggingarefni sem halda vel útliti sínu þrátt fyrir ágang og veðrun.



S6: ÞINGVALLAHRAUN

Þingvallahraun er vaxið lággróðri og birkikjarri en barrtrjám hefur verið plantað á nokkur svæði. Í hrauninu mynda eyðibýlin Hrauntún og Skógarkot miðpunkta gönguleiða sem eru gamlar þjóð- og alfaraleiðir og því fornleifar. Engir nýir stígar hafa verið lagðir á þessu svæði en hluti stíganna hefur verið endurbættur með ofaníburið meðan aðrir eru einfaldir troðningar. Gert er ráð fyrir hestaumferð á hluta stíganna.

Þjóðvegur 36 liggur gegnum hraunið og Vallavegur 361 að vatnsbakkanum. Gert er ráð fyrir að umferð um Vallaveg innan Þingvallahrauns takmarkist við umferð fólksbíla og að tengingu við veg 36 vestan Gjábakka verði lokað til að koma í veg fyrir gegnumakstur. Vallavegur þjóni þannig einkum veiðimönnum við vatnsbakkann og þeim sem vilja njóta náttúrunnar þar.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Engin teljandi mannvirki verða á svæðinu önnur en stígar sem falla vel að umhverfinu fyrir fólk sem vill ganga um hraunið og njóta umhverfisins eða vitja eyðibýlanna.

Barrskógar verði grisjaðir og þeim haldið í skefjum þannig að náttúrulegur gróður svæðisins fái notið sín. Barrtré í reit austan Skógarkots verði felld. Birkikjarrið verði skoðað sérstaklega og kannað hvort ástæða er til að örva útbreiðslu þess. Slíkt verði bundið við það kvæmi sem fyrir er.

Menningarminjar verða kynntar og gerðar sýnilegar í samstarfi við Minjastofnun.

Gengið verði frá góðum bílastæðum og greiðum aðgangi frá vegi að vatnsbakka.

Tjaldstæði í Vatnskoti verði takmarkað við létt tjöld og lokað allri umferð

vélknúinna ökutækja enda er gróður þar mjög viðkvæmur og lætur fljótt á sjá. Þar eru líka miklar og viðkvæmar menningarminjar. Í Vatnskoti verði fræðsla um menningarminjar og nýtingu vatnsins og þaðan verði aðgangur fyrir fatlaða að vatnsbakkanum.

Huga þarf sérstaklega að Vellankötlum þar sem vatnsstreymi undan hrauninu er sýnilegt og gefur tilefni til fræðslu um grunnvatn í þjóðgarðinum.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Heildarásýnd svæðisins skal ekki breytast að neinu marki og umferð skal stýrt þannig að landið beri ekki merki óskipulegs ágangs. Hluti stíganna skal halda sér í óbreyttri mynd sem einfaldir troðningar. Barrskógur nái ekki frekari útbreiðslu.

Á vatnsbakkanum skal vernda samspil vatns, hrauns og gróðurs án mannvirkja annarra en þeirra sem nauðsynleg eru til að veita hæfilegan aðgang veiðimanna og annars útivistarfólks.



S7: SUMARHÚSASVÆÐI VIÐ VALHALLARSTÍG OG Í RAUÐUKUSUNESI

Við Valhallarstíg og í Rauðukusunesi eru allmörg sumarhús. Gerðir hafa verið leigusamningar til 10 ára. Allt sumarhúsasvæðið er innan einnar girðingar og hafa eigendur verið hvattir til að taka upp aðrar girðingar. Gera þarf úrbætur í frárennslismálum margra sumarhúsa og tryggja hæfilegan aðskilnað rotþróa og vatnsbóla.

Vestast á svæðinu er Vinaskógur, um 23 ha skógræktarreitur sem Skógræktarfélag Íslands sér um.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Þjóðgarðurinn neyti forkaupsréttar þegar bústaðir bjóðast til sölu og taki yfir lóðir þegar leigusamningar renna út, eftir því sem fjárheimildir leyfa.


Deiliskipulag kveði á um atriði sem lúta að ásýnd, gróðurfari og aðgengi að því marki sem nauðsynlegt er til að verja hagsmuni þjóðgarðsins.

Opið aðgengi að vatnsbakkanum verði tryggt.

Útivistarmöguleikar í Rauðukusunesi verði þróaðir frekar.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Ljóst er að sumarhúsasvæðin eru snortin og ekki áhugaverð til verndunar í núverandi mynd. Á hinn bóginn skal tryggt að svæðin stingi ekki frekar í stúf en nú er og því ekki leyfðar frekari byggingar á þessum svæðum né þau stækkuð.



S8: SUMARHÚSASVÆÐI VIÐ GJÁBAKKA

Gjábakki er eyðijörð sem setur mikinn svip á landslagsheild á austurbarmi sigdældarinnar. Bæjarhús eru horfin af jörðinni en örfá sumarhús standa enn. Þar er vinsæll áningarstaður hestamanna og forn þjóðleið milli Skálholts og Þingvalla liggur þar um.

Sunnan Gjábakka er Arnarfell, 239 m hátt fjall, útvörður þjóðgarðsins í suðaustri. Þar er áhugavert göngusvæði þar sem gott útsýni, jarðmyndanir og menningarminjar koma saman. Á svæðinu er töluvert jarðvegsrof.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Innan svæðisins verði upphaf gönguleiða og miðstöð annarrar útivistar í austanverðum þjóðgarðinum og þar komið fyrir upplýsingum um svæðið. Stefnt er að því að sumarhús hverfi, að undanskildu einu sem nýtt verður sem starfsaðstaða fyrir þjóðgarðinn.

Stígar verði bættir, merktir og kynntir svo að gestir þjóðgarðsins eigi greiðari leið að þessum hluta hans. Gert er ráð fyrir upplýsingahliði (mannvirkjasvæði C2) við þjóðveginn nálægt Gjábakka. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Þessu svæði verði ekki raskað frekar en orðið er. Stöðva skal rof við Arnarfell í samráði við Landgræðslu og síðan leitast við að færa gróður í náttúrulegt horf.



S9: ÖXARÁ AÐ ÁRMANNSFELLI

Svæðið nær aðallega til lands vestan Kaldadalsvegur upp í 400 metra hæð yfir sjó. Á láglendi innan svæðisins vex móagróður og kjarr en fjallshlíðar eru rofnar. Svæðið hentar vel til útivistar enda er svæðið allvel aðgengilegt. Nokkrar ræktaðar spildur setja svip á svæðið, í Svartagili og Skógarhólum.

Svartagil er fyrrverandi hjáleiga frá Þingvallastað og er í eyði. Þar er töluvert rof sem hefta þarf í samvinnu við Landgræðslu. Þar eru einnig námur fyrir efnistöku.

Í Skógarhólum eru sléttir vellir frá náttúrunnar hendi og þar er hlaðin fjárrétt frá 1925, áður skilarétt Þingvallamanna. Hestamenn hafa haft aðstöðu í Skógarhólum samkvæmt samningi milli Þjóðgarðsins og Landsambands hestamanna.

Gamlar þjóðleiðir um Leggjabrátt, Langastíg og Kjósarheiði liggja um svæðið.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Stefnt er að því að efnistaka verði áfram úr sömu námum í Svartagili og verið hefur en hún takmarkist við þarfir þjóðgarðsins. Efnistaka verður skipulögð þannig að hún hafi sem minnst áhrif á umhverfið og þannig gengið frá efnistökusvæðinu að það falli að núverandi umhverfi.

Gert er ráð fyrir því að áfram verði áningarstaður hestamanna við Skógarhóla og að hestamenn geti riðið þaðan um þjóðgarðinn á skilgreindum reiðleiðum. Rekstrarforsendur áningarstaðar verða með sama hætti og önnur slík starfsemi innan þjóðgarðsins.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Á svæðinu skal stuðlað að verndun og viðgangi náttúrulegs gróðurs.



S10: BÚJARÐIR

Bújarðir innan þjóðgarðsins eru Brúsastaðir og Kárastaðir í suðvesturhluta þjóðgarðsins. Hefðbundinn sauðfjárbúskapur er á Brúsastöðum en aðeins búseta á Kárastöðum. Húsakostur er eins og algengt er á bæjum til sveita.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Á bújörðum verður búskapur og búseta með líku sniði og nú er.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Huga þarf sérstaklega að umhverfisáhrifum búskapar á jörðunum og gæta þess að starfsemi þar hafi ekki teljandi áhrif á þjóðgarðinn að öðru leyti.

S11: UPPLAND

Uppland þjóðgarðsins á Þingvöllum er óraskað og óbyggt land að frátöldum Kaldadalsvegi (550) og vegum í grennd við Gjábakka. Göngu- og reiðleið yfir sigdældina liggur þvert frá Ármannsfelli að Gjábakka. Gönguleiðir fylgja meðal annars gömlum smalgötum og kindastígum.

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Svæðið verði áfram óbyggt og með óbreyttu yfirbragði.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Engin mannvirki verði á svæðinu að frátöldum Kaldadalsvegi.



S12: ÞINGVALLAVATN

Hin nánu tengsl á milli vistkerfis Þingvallavatns og jarðsögunnar skapa vatninu sérstöðu meðal vatna heimsins, eins og rakið er í kafla 3.2. Sérstök lög hafa verið sett um verndun vatnsins og vatnasviðs þess, nr. 85/2005 og reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006. Auk verndargildis vegna sérstöðu í náttúrufari er vatnsforði Þingvallavatns afar mikilvægur.

Þingvallavatn er eitt veiðisælasta fiskivatn sem þekktist. Fiskisæld, nágrenni við þéttbýlissvæði og auðveld aðkoma gera það ákjósanlegt til útivistar í formi stangaveiði, ekki síst fyrir börn og unglinga. Opinber umræða, meðal annars á Alþingi, endurspeglar almennan vilja til að viðhalda og styrkja sérstöðu vatnsins. Settar hafa verið veiðireglur fyrir þjóðgarðinn, í samráði við hagsmunaaðila, sem ganga lengra en almennar veiðireglur fyrir vatnið utan þjóðgarðsins.

Landsvirkjun stýrir miðlun og vatnshæð innan 30 cm sveiflumarka.


Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Áhersla verði lögð á að kynna lífríki vatnsins fyrir gestum á áhugaverðan hátt.

Heimilt verði, skv. nánari reglum sem þjóðgarðurinn setur, að sigla vélarlausum bátum á vatninu innan þjóðgarðsmarka. Miðað sé við að heimildin nái til báta sem ekki þurfa aðstöðu á landi og auðvelt er að bera frá vatnsbakka að bíl.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Vatnið og lífríki þess spillist ekki á neinn hátt, sbr. ákvæði laga og reglugerðar.




6.3 MANNVIRKJASVÆÐI

Mannvirkjasvæði er þau svæði þar sem er að finna hús eða aðra aðstöðu, t.d. fyrir gesti þjóðgarðsins og starfsfólk. Sumarhús á svæðum S7 og S8 eru undanskilin en stefnu um þróun sumarhúsabyggðar er að finna í umfjöllun um þessi svæði.

Vegir eru undanskildir en sérstaklega er fjallað um þá í kafla 6.4.

Allur úrgangur og seyra er flutt burt úr þjóðgarðinum nema gróðurleifar og náttúruleg jarðefni.

Mannvirkjasvæðin koma fram á uppdrætti 3. Þau sem auðkennd eru með bókstafnum A eru aðal þjónustusvæði utan sigdældarinnar en B er notað fyrir svæði með minni háttar minnvirkjum innan sigdældarinnar. Svæði C eru upplýsingahlið nálægt mörkum þjóðgarðsins.



A1 HAKIÐ

Hakið er aðalhlíð fyrir gesti að Þingvöllum og þar er þungamiðja fræðslu og þjónustu. Þar er gestastofa, útsýnispallur og salerni, auk bílastæða fyrir einkabíla og hópferðabíla.

Á Hakinu er afmarkað svæði sem ætlað er til svipaðra nota og nú er en gert ráð fyrir eðlilegri útvíkkun í samræmi við fjölgun gesta. Þaðan liggur leið niður Almannagjá og inn í þinghelgina.

Hlutverk: Miðstöð gestamóttöku, fræðslu og leiðsagnar

- Gestir geta kynnt sér sérstöðu Þingvalla og fengið leiðbeiningar um hvernig hana má upplifa.
- Áningarstaður.
- Staður þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar geta fagnað tímamótum og tekið er á móti tignum gestum, með Þingvelli sem bakgrunn.

Aðstaða:

- Gestastofa með grunnsýningu um sögu og náttúru Þingvalla, fyrirlestrarsal og aðstöðu fyrir móttöku gesta.
- Veitingaaðstaða og verslun í smáum stíl tengd gestamiðstöð, ásamt salernum.
- Veitingahús, með aðstöðu fyrir móttökur og veisluhald.
- Rúmgóð bílastæði með góðu svigrúmi fyrir hópferðabíla.
- Hús fyrir eigin starfsemi þjóðgarðsins.

A2 LANGISTÍGUR

Hlutverk: Aðkoma að sigdældinni.

- Hægt að leggja bíl og ganga ofan í sigdældina.

Aðstaða:

- Bílastæði og salerni.
- Upplýsingar veittar á skiltum um staði, leiðir og þjónustu í þjóðgarðinum.
- Greiðfær stígur, e.t.v. með pöllum eða þess háttar mannvirkjum sem auðvelda aðgengi að sigdældinni.

A3 GATNAMÓT ÞINGVALLAVEGAR (36) OG NÝS KALDADALSVEGAR (550)

Framtíðarstaður þjónustumiðstöðvar - mögulega á sama stað og A2.

Hlutverk: Upplýsingahlið og þjónustusvæði fyrir gesti og vegfarendur.

- Upplýsingar veittar á skiltum um staði, leiðir og þjónustu í þjóðgarðinum.
- Helsti áningarstaður ferðafólks.
- Fjöldahjálparstöð í neyðartilfellum.

Aðstaða:

- Veitingasala, salerni, verslun.
- Bílastæði með upplýsingaskiltum.
- Biðstæði fyrir hópferðabíla.

A4 MIÐSTÖÐ Á LEIRUM

Hlutverk: Núverandi staðsetning þjónustumiðstöðvar og starfsmannaaðstöðu. Þegar A3 er orðinn að veruleika verður aðeins miðstöð landvörslu eftir á Leirum.

- Upplýsingar veittar á skiltum um staði, leiðir og þjónustu í þjóðgarðinum. (->A3)
- Helsti áningarstaður ferðafólks. (->A3)
- Fjöldahjálparstöð í neyðartilfellum. (->A3)
- Miðstöð starfsemi í þjóðgarðinum.
- Sala tjald- og veiðileyfa auk upplýsingagjafar landvarða.

Aðstaða:

- Veitingasala, salerni, verslun. (->A3)
- Bílastæði með upplýsingaskiltum. (->A3)
- Biðstæði fyrir hópferðabíla. (->A3)
- Starfsmanna- og áhaldahús.

B1 ÚTISVIÐ

Hlutverk: Samkomustaður

- Staður þar sem hægt er að setja á svið leiksýningar eða halda tónleika o.þ.h.

Aðstaða:

- Bekkir mótaðir í landslag.
- Salerni.
- Bílastæði fyrir fatlaða.

B2 ÞINGVALLABÆR OG KIRKJA

Hlutverk:

- Kirkjulegar athafnir í kirkjunni.
- Þingvallabærinn hýsir forsætisráðherra ásamt aðstöðu fyrir þjóðgarðsvörð og prest.

Aðstaða:

- Núverandi byggingar.

B3 FLOSAPLAN

Hlutverk:

- Bílastæði fyrir fatlaða og vegna reksturs Þingvallabæjar og kirkju auk landvörslu. Lokað almennum gestum.

Aðstaða:

- Bílaplan og upplýsingaskilti um aðgengi að kirkjunni og aðgengi fatlaðra.

B4 EFRI-VELLIR

Hlutverk:

- Tengipunktur umferðarkerfis við þinghelgina.

Aðstaða:

- Salernisaðstaða fyrir almenna gesti.
- Viðkomustaður með biðskýli fyrir hópferðabíla til að taka upp eða láta út farþega.

B5 SKÓGARHÓLAR

Hlutverk:

- Áningarstaður fyrir hestamenn.

Aðstaða:

- Afgirt beitar- og áningarhólf með vatni til að brynna hestum. Gera þarf ráð fyrir aðfluttu heyi.

B6 ÚTSÝNISSTAÐUR VIÐ HRAFNAGJÁ

Hlutverk:

- Bílastæði og áningarstaður

Aðstaða:

- Rými fyrir 3-5 rútubíla og 20-40 einkabíla, borð, bekkir og upplýsingaskilti.

C1 GATNAMÓT ÞINGVALLAVEGAR (36) OG AFLEGGJARA AÐ HAKINU (3834)

Hlutverk: Upplýsingahlið

- Upplýsingar veittar á skiltum um staði, leiðir og þjónustu í þjóðgarðinum.

Aðstaða:

- Bílastæði fyrir skammtímadvöl, upplýsingaskilti, lýsing, fjarskipti.
- Skýli, ef manna þarf upplýsingagjöf.

C2 GATNAMÓT ÞINGVALLAVEGAR (36) OG VALLAVEGAR (361) VESTAN GJÁBAKKA

Hlutverk: Upplýsingahlið og útsýnisstaður

Upplýsingar veittar á skiltum um staði, leiðir og þjónustu í þjóðgarðinum.

Stýring og eftirlit með umferð um Vallaveg.

Aðstaða:

Aðstaða til að njóta útsýnis og borða nesti.

Bílastæði fyrir einkabíla og hópferðabíla, upplýsingaskilti.

Skýli, ef manna þarf upplýsingagjöf.

Slá fyrir Vallaveg til að fylgja eftir lokun, með möguleika á opnun fyrir starfsfólk og neyðarþjónustu.


6.4 SAMGÖNGUR

6.4.1 VEGIR INNAN ÞJÓÐGARÐSINS

Innan þjóðgarðsins er, samkvæmt almennum náttúruverndarlögum, bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á snjó utan vega svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.

Hér fyrir neðan eru skráðar þær ökuleiðir sem teljast vegir í þeim skilningi að akstur á þeim er ekki akstur utan vega. Lega þessara leiða kemur fram sem vegakerfi á uppdráttum. Til veganna teljast einnig eru stuttar heimreiðar að mannvirkjum og bílastæðum.

Vegnr.	Nafn	Lýsing
36	Þingvallavegur	Hámarkshraði frá Tæpastíg vestan þjónustumiðstöðvar að Arnarfelli er 50 km/klst. Útfærsla og viðhald vegarins miðist við að halda núverandi veglínu og aðgerðum til að halda niðri ökuhraða. Bílastæðum og útskotum við veginn fækkað en jafnframt útbúin nokkur stærri bílastæði.
550	Kaldadalsvegur	Stefnt er að flutningi vegarins frá Skógarhólum upp fyrir Hvannagjá að vegi 36.
361	Vallavegur	Veginum verði lokað við Hallvík og þar gefinn kostur á að snúa við. Hámarkshraði verði 30 km/klst.
362	Efrivallavegur	
363	Valhallarvegur	Hámarkshraði 15 km/klst. Aðeins opinn fólksbílum.
3834	Vegur að Hakinu, frá Þingvallavegi	Hámarkshraði 30 km/klst.
3835		Heimreið að Brúsastöðum
		Vegur frá Þingvallavegi að sumarhúsasvæðum á Rauðukusunesi og í landi Skálabrekku.
	Hraunstígur	
		Heimreið að Kárastöðum
		Leið að Bragabót á stuttum kafla innan þjóðgarðsmarka vestan Stóra-Dímons (F2)
		Leið frá þjóðvegi 36 suður fyrir Arnarfell að bílastæði ofan við Sláttulág
		Vegur að túnnum og efnistökusvæði í Svartagili. Afleggjari að efnistökusvæði aðeins opinn fyrir starfsmenn þjóðgarðsins.



6.4.2 GÖNGUSTÍGAR

Göngustígar eru skilgreindir í þremur flokkum eftir útfærslu og þjónustustigi. Leitast er við að hafa stíga í flokki A þannig gerða að þeir geti tekið við miklum fjölda ferðamanna, t.d. þeim sem koma í langferðabílum og hafa skamma viðdvöl.

Stígarnir eru sýndir á uppdrætti 4 með mismunandi línutákni eftir flokkum.

Flokkur A:


- Slétt yfirborð, fært hjólastólum.
- Mjög skýrar leiðarmerkingar, t.d. við öll stígamót.
- Fær sjúkrabílum eða a.m.k. fjórhjól.
- Forgangur við snjóruðning og almennt viðhald.

Flokkur B:

- Stígur með ofaníburði eða pöllum, mögulega með þrepum.
- Látlausar leiðarmerkingar.

Flokkur C:

- Gönguleið sem markar fyrir í landslagi og lagar sig að því.
- Númeraðar stikur með reglulegu millibili til staðgreiningar.




6.4.3 REIÐSTÍGAR

Um þjóðgarðinn liggja reiðstígar sem sýndir eru á uppdrætti 6.

Að þjóðgarðinum liggja reiðleiðir úr öllum höfuðáttum norðan að Kaldadalsvegi, austan úr Goðaskarði, Barmaskarði eða frá Kringlumýri, sunnan frá Þingvallasveitarbæjum og Mosfellsheiði, vestan úr Kjós eða af Leggjabrjót. Frá Skógarhólum liggur reiðleið að Gjábakka, um Hrauntún og Skógarkot annars vegar og hins vegar um Langastíg og Stekkjargjá. Rekstur lausra hesta á reiðleiðum um Skógarkot og Hrauntún eru bannaðar. Reiðleið liggur frá Sandskeiði undir Ármannsfelli að Gjábakka (meðfram gamalli girðingarslóð). Rekstur lausra hrossa fari þessa leið. Aðrar reiðleiðir miðist við útreiðar að mestu með 3 til reiðar.


Gert er ráð fyrir áningarstöðum á Gjábakka, í Skógarkoti, Hrauntúni, Skógarhólum, Hofmannaflöt, Einiberjaflöt, á Sandskeiði og undir Hlíðargjá. Aksturleiðir eru að áningarstöðum á Gjábakka, í Skógarhólum og Hofmannaflöt.



6.4.4 HJÓLASTÍGAR

Gestum þjóðgarðsins er heimilt að fara um á reiðhjóli á göngustígum og reiðstígum með því skilyrði að hjólreiðamenn víki fyrir göngufólki og hestum og sýni tillitssemi.

Hjólreiðar eru því heimilar á öllum leiðum innan þjóðgarðsins nema sérstakar ástæður gefi tilefni til annars og það þá gefið skýrt til kynna á vettvangi. Hjólreiðar eru þó ekki heimilar á göngustígum í flokki A. Sérstök aðgát skal höfð á öðrum fjölförnum stígum í þinghelginni. Helstu leiðir, sem ætla má að séu áhugaverðastar fyrir hjólreiðamenn, eru sýndar á þemauppdrætti.



6.5 DEILISKIPULAG

Deiliskipulag frá 2017 er í gildi fyrir mannvirkjasvæði á Hakinu og eldra deiliskipulag (1999) fyrir aðkomu að þjóðgarðinum og bílastæði í landi Brúsastaða og Svartagils.

Stefnt er að því að deiliskipuleggja vesturhluta þjóðgarðsins á svæði frá Öxarárósum að þjónustumiðstöð milli Þingvallavegar 36 og Vallavegar 361. Þar verður tekið nánar á þeim meginatriðum skipulags sem hér eru tiltekin. Í skipulaginu verði samræmdir hönnunarskilmálar fyrir allar nýbyggingar á Þingvöllum og jafnframt viðmiðunarreglur fyrir endurbætur eða viðgerðir á eldra húsnæði. Setja þarf niður byggingareiti og nánari legu stíga og vega.



7. EFTIRFYLGNI, ENDURSKOÐUN OG ÁRANGURSMAT



7.1 FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG FRAMKVÆMD

Í þeim meginmarkmiðum, sem sett eru fram fyrir málaflokkana hér fyrir framan, má greina nokkur atriði sem mynda forsendu skipulegrar framkvæmdar í samræmi við þessa stefnu. Atriðin eru nefnd hér fyrir neðan til áréttingar og verkefnaáætlun, sem sett er fram í tengslum við stefnuna, mun endurspeglja þau.

- Gera þarf deiliskipulag fyrir hluta svæðisins þar sem ýmis atriði tengd skipulagi sem hér hafa verið nefnd eru útfærð nánar.
- Gera vöktunaráætlun sem miðar að því að finna á kerfisbundinn hátt hvar ágangur veldur breytingum umfram ásættanleg mörk. Áætlunin tiltekur jafnframt viðbrögð við slíkum frávikum.
- Stuðla að því að lokið verði kortlagningu og skráningu fornminja. Niðurstaðan nýtist við gerð deiliskipulags og til að greina þær fornminjar sem kunna að liggja undir skemmdum og krefjast varnaraðgerða.
- Marka skýra stefnu um kostun sem fjáröflunarleið til þess að hún nýtist sem fyrst til gagns fyrir innri uppbyggingu í þjóðgarðinum.
- Skipuleggja reglubundið samráð við fjölmarga hagsmunaaðila sem tengjast þjóðgarðinum til ráðgjafar og hliðsjónar.
- Bæta upplýsingagjöf og merkingar.

Raunhæft er að ljúka öllum framantöldum verkefnum innan gildistíma fyrstu verkefnaáætlunar



7.2 ENDURSKOÐUN OG ÁRANGURSMAT

Þingvallanefnd leggi á hverju kjörtímabili fyrir Alþingi greinargerð um stöðu og framvindu í málefnum þjóðgarðsins til upplýsingar fyrir þjóð og þingheim.

Gert er ráð fyrir að á tuttugu ára gildistíma stefnunnar gildi fjórar verkefnaáætlanir til fimm ára í senn. Eðlilegt er að þegar ein verkefnaáætlun rennur sitt skeið og önnur tekur við sé staldrað við og kannað hve vel hefur tekist í framkvæmd áætlunarinnar og hve vel stefnan sjálf stenst tímans tönn. Búast má við að á tuttugu ára tíma breytist ýmis ytri skilyrði sem ekki eru á valdi þjóðgarðsins og kunna að hafa áhrif á stefnuna og þá forgangsroðun sem á henni byggist.

Viðmiðanir við árangursmat skírskota til leiðarljóssins sem þessi stefna byggist á.

Fyrsta viðmiðun felst í svari við eftirfarandi spurningu: „Hefur tekist að verja hið sérstaka gildi þjóðgarðsins þannig að möguleikar á jafngildum afnotum hafi verið tryggðir til framtíðar?“

Ef eitthvað kemur fram sem bendir til annars en að vel hafi tekist til þarf nauðsynlega að bregðast við, hugsanlega með takmörkun á afnotum.

Svar við spurningunni byggist aðallega á eftirtöldum upplýsingum:

- Skráðar niðurstöður kerfisbundinnar vöktunar.
- Mat starfsfólks, fræðimanna og annarra sem best þekkja þjóðgarðinn.
- Niðurstöður viðhorfskönnunar um gildismat gesta.

Önnur viðmiðun felst í svari við eftirfarandi spurningu: „Hafa gestir þjóðgarðsins átt kost á að njóta sérkenna hans og fræðast um þau á aðgengilegan hátt?“

Svarið getur falist í hugmyndum um breytingar á því hvernig tekið er á móti gestum og hvernig rekstrarfé er best varið í þeim tilgangi.

Svar við spurningunni byggist aðallega á eftirtöldum upplýsingum:

- Skráðar niðurstöður gæða- og öryggiseftirlits.
- Niðurstöður viðhorfskönnunar um gæði þjónustu og fræðsluefnis.
- Tölur um fjölda gesta, notkun þjónustupátta, lengd dvalar, rekstrarlega afkomu o.fl.
- Upplýsingaöflun vegna endurskoðunar og árangursmats er því fyrst og fremst með þessum hætti:
- Kerfisbundin skráning upplýsinga um ástand ýmissa þátta (vöktun umhverfis, gæðamál, öryggismál, o.s.frv.). Um þessa skráningu eiga að gilda skýrar verklagsreglur og skráningin er samfelld og sívirk eftir þörfum viðfangsefnisins.
- Viðhorfskönnun meðal gesta sem endurtekin er við undirbúning hvernar verkefnaáætlunar. Könnunin tekur á margvíslegum atriðum sem lúta að mati gesta á upplifun sinni og gæðum þjónustu.
- Samráð við hagsmunaaðila sem er skipulegt og skráð, t.d. með árlegum fundum.

Árangursmatið er forsenda góðrar verkefnaáætlunar og kann að gefa tilefni til breytingar á stefnunni sjálfri. Ef stefnunni er breytt ber að kynna þá breytingu fyrir hagsmunaaðilum.

UPPDRAETTIR

Eftirtaldir uppdrættir eru skýringagögn fyrir þessa stefnumörkun:

- Uppdráttur 1: Þjóðgarðsmörk
- Uppdráttur 2: Reitaskipting
- Uppdráttur 3: Mannvirkjasvæði
- Uppdráttur 4: Samgöngur á kjarnasvæði
- Uppdráttur 5: Helstu gönguleiðir
- Uppdráttur 6: Helstu hjólaleiðir
- Uppdráttur 7: Reiðleiðir